

Ársskýrsla 2023



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2	UFS-mat eignasafns	31	Verðbréf og ávöxtun	65
Stjórn	5	Mat á sjálfbærni	33	Leið I	66
Lykilstærðir LSR	6	Sjálfbærni í starfsemi	34	Leið II	67
Ávöxtun og hrein eign	8	A-deild	37	Leið III	68
Eignir og markaðir	13	Lykilstærðir	38	Tilgreind séreign	69
Eignasafn	14	Um A-deild	39	lögjöld og lífeyrir	69
Fjárfestingar ársins	16	Verðbréf	40	Starfsemi	72
Innlend skuldabréf	17	lögjöld	41	Starfsfólk	73
Innlend hlutabréf	19	Lífeyrir	42	Skipurit LSR	74
Innlendir sérhæfðir sjóðir	21	Skuldbindingar	44	Lög, samþykktir, stefnur og reglur	75
Erlend hlutabréf	21	B-deild	47	Ársreikningar	76
Erlendir sérhæfðir sjóðir	23	Lykilstærðir	48	Annual Report	77
Erlend skuldabréf	24	Um B-deild	49	Overview	78
Um erlendar fjárfestingar	24	Verðbréf	50		
Útlán til sjóðfélaga	25	lögjöld	51		
Sjálfbærni	27	Lífeyrir	52		
Sjálfbær LSR	28	Skuldbindingar	55		
Ábyrgar fjárfestingar	29	Séreign	61		
Eigendastefna LSR	30	Lykilstærðir	62		
		Um Séreign og Tilgreinda séreign	63		

Ávarp stjórnarformanns

Síðastliðið ár var tími mikilla umbrota og einkenndist af stríðsátökum á alþjóðlegum vettvangi, jarðhræringum hér heima fyrir og óstöðugleika í bæði íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi. Eftir að dýpsta niðursveifla frá hruni raungerðist árið 2022 voru bundnar vonir við viðsnúning á árinu 2023. Það gekk hins vegar ekki eftir og þegar liðið var vel fram yfir þriðja ársfjórðung virtist stefna í annað samdráttarárið í röð. Á síðustu mánuðum ársins tóku markaðir hér heima og erlendis þó við sér og þegar upp var staðið dugaði það til að skila jákvæðri raunávöxtun hjá LSR upp á 1,1%. Þegar verðbólga er í kringum 8% verður það að teljast nokkuð viðunandi, jafnvel þótt markmiðið um 3,5% raunávöxtun hafi ekki náðst á árinu. Þrátt fyrir tvö krefjandi ár er langtímaávöxtun LSR góð, en síðustu fimm ár hefur raunávöxtun verið 4% og meðaltal síðustu tíu ára er 4,4%.

Búast má við áframhaldandi sviptingum á árinu 2024. Enn sér ekki fyrir endann á stríðsrekstri í austurhluta Evrópu og fyrir botni Miðjarðarhafs og því miður er útlit fyrir að átökin muni frekar aukast heldur en hitt á komandi misserum. Á Reykjanesskaga er háð barátta við náttúruöflin og er ómögulegt að segja til um á þessari stundu hversu lengi það ástand mun vara eða hver áhrifin af jarðskjálftum og eldsumbrotum verði á endanum fyrir efnahagslífið og þjóðina alla.

Fyrir LSR eru áhrifin af þessum umbrotum heima og erlendis að mestu leyti óbein og felast í almennum sveiflum sem atburðirnir valda á mörkuðum og í rekstri fyrirtækja. Sjóðurinn á þó beinna hagsmuna að gæta á Reykjanesi, þar sem LSR hefur tekið þátt í uppbyggingu atvinnurekstrar, m.a. á sviði orkuinnviða, sjávarútvegs og ferðamannaþjónustu. Sem betur fer hefur hingað til tekist að verja stóran hluta innviða og vonandi verður þess ekki langt að bíða að hægt verði að huga að framtíðarhögun svæðisins með hliðsjón af þeim breytta veruleika sem náttúran hefur skapað okkur.

„Þrátt fyrir tvö krefjandi ár er langtímaávöxtun LSR góð, en síðustu fimm ár hefur raunávöxtun verið 4% og meðaltal síðustu tíu ára er 4,4%.“

Það er á tímum sem þessum sem reynir á fjárfestingarstefnu LSR og þá hugmyndafræði sem liggur að baki henni. Virk áhættudreifing milli fjárfestingarflokka, atvinnugreina og heimshluta skiptir þar höfuðmáli til að jafna sveiflur og skila sjóðfélögum stöðugri ávöxtun til lengri tíma litið. Þetta verklag hefur skilað raunávöxtun yfir 3,5% markmiðinu bæði þegar horft er 5 og 10 ár aftur í tímann og ljóst er að fjölbreytileiki eignasafnsins mun skipta miklu á komandi óvissutímum. Í því samhengi er afar jákvætt að svigrúm lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis verði

aukið jafnt og þétt næstu árin, enda vaxa erlendir markaðir töluvert hraðar en íslenskt efnahagslíf um þessar mundir.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf í lok árs 2021 út nýjar lífslíkutölur fyrir Íslendinga sem lífeyrissjóðum var skylt að hafa til hliðsjónar við mat á lífeyrisskuldbindingum. Samkvæmt þeim munu Íslendingar lifa lengur en áður var reiknað með, auk þess sem gert er ráð fyrir að yngri kynslóðir nái hærri lífaldri að meðaltali en eldri kynslóðir.

Þessar breyttu forsendur þýddu að LSR þarf að gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái eftirlaun greidd lengur en áður var reiknað með. Það leiddi til verulegra hækkana á skuldbindingum sjóðsins og við því þurfti að bregðast gagnvart A-deild LSR. Heildargreiðsla úr lífeyrissjóði getur ekki verið meiri en inngreiðsla í sjóðinn að viðbætti ávöxtun og frádregnum rekstrarkostnaði og þar sem inngreiðslur breytast ekki var eini kosturinn að breyta útgreiðslunum. Það má gera með tvennum hætti, hækka lífeyristökualdur og greiða sömu mánaðarlegu fjárhæð eða dreifa heildargreiðslunni á fleiri ár. Stjórn LSR ákvað eftir ráðgjöf tryggingastærðfræðinga sjóðsins að fara síðarnefndu leiðina og dreifa heildargreiðslunni á fleiri ár í samræmi við væntan lífaldur hvers árgangs. Þar með lækka mánaðarlegar greiðslur frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir, en mismikið eftir fæðingarári.

Aðgerðirnar voru framkvæmdar í tveimur skrefum, með því að lækka annars vegar framtíðarávinnslu A-deildar og hins vegar áunnin réttindi. Fyrri skrefið kom til framkvæmda í upphafi árs 2023 og lækkaði þá

„Samkvæmt nýjum forsendum munu Íslendingar lifa lengur en áður var reiknað með, auk þess sem gert er ráð fyrir að yngri kynslóðir nái hærri lífaldri að meðaltali en eldri kynslóðir.“

ávinnslan að meðaltali um 11,5%. Seinna skrefið tók gildi 1. júlí 2023 en það leiddi til þess að mánaðarleg, áunnin réttindi sjóðfélaga lækkuðu um 9,9% að meðaltali, en lífeyrisgreiðslur lækkuðu um 4,1%. Sjóðfélagar sem höfðu náð 60 ára aldri 1. júní 2017 eða voru lífeyrisþegar á þeim tíma njóta þó ríkisábyrgðar og verða ekki fyrir áhrifum af þessu. Þetta var þungbært skref fyrir sjóðinn, en aldrei áður í sögu hans hefur þurft að grípa til slíkra aðgerða. Engu að síður voru þær nauðsynlegar til að tryggja jafnvægi sjóðsins til lengri tíma litið.

Flestir íslenskir lífeyrissjóðir beittu svipaðri aðferðafræði við endurmat réttinda í kjölfar breyttra lífslíkuforsendna. Nokkur réttaróvissa hefur hins vegar skapast um aðgerðirnar eftir að héraðsdómur mat aðgerðir Lífeyrissjóðs verslunarmanna ólögættar. Hæstiréttur mun taka málið til meðferðar og niðurstaða hans gæti haft áhrif á þá lífeyrissjóði sem fóru áþekka leið. LSR mun fylgjast með framvindu málsins, yfirfara niðurstöðu hæstaréttar þegar hún liggur fyrir og meta möguleg áhrif hennar á aðgerðir sjóðsins.

Á árinu hóf LSR að bjóða upp á tilgreinda séreign, sem er góð viðbót við þjónustuframboð sjóðsins og eykur þann sveigjanleika sem sjóðfélagar hafa við uppbyggingu lífeyrisréttinda og síðar skipulagningu starfsloka. Mikilvægt er þó að hafa í huga að söfnun í tilgreinda séreign minnkar réttindasöfnun í samtryggingarsjóð. Yngri sjóðfélagar ættu sérstaklega að hafa þetta í huga, því samtryggingariðgjöldin eru verðmætari eftir því sem sjóðfélaginn er yngri. Jafnframt er mikilvægt að sjóðfélagar vandi sérstaklega vel val á vörsluaðila tilgreindrar séreignar, því mikill munur er á gjöldum og kostnaði eftir vörsluaðilum.

Á árinu 2023 var sett ný sjálfbærnistefna fyrir sjóðinn sem leysti af hólmi eldri stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefnan skýrir sjónarmið LSR um sjálfbærni bæði í innri starfsemi og fjárfestingum sjóðsins. Með henni skerpir sjóðurinn á sjálfbærnihugsun og leggur áherslu á að uppfylla þurfi þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða lífsgæði komandi kynslóða. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar sem horfa áratugi fram í tímann í sinni starfsemi og því er það skylda okkar að leita ávallt jafnvægis milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnarháttanna. Það á við um daglegan rekstur sjóðsins, en ekki síður um áherslur hans í fjárfestingum. Við bindum vonir við að sjálfbærnistefnan verði okkur leiðarljós á þessu sviði á komandi árum.

Þá setti stjórn nýja eigendastefnu fyrir sjóðinn í byrjun árs 2023, sem kom í stað fyrri hluthafastefnu og hefur víðtækara gildissvið. Þar eru línurnar lagðar fyrir störf LSR sem fjárfestis og meðal annars sagt fyrir um að sjóðurinn vilji hafa jákvæð áhrif í þeim félögum sem fjárfest er í.

Samkvæmt stefnunni skal sjóðurinn taka virkan þátt í afgreiðslu mála og leggja áherslu á að félög starfi í samræmi við góða stjórnarhætti og sýni ábyrgð gagnvart félagslegum og umhverfislegum þáttum. LSR, líkt og fleiri lífeyrissjóðir, er umfangsmikill þátttakandi í íslensku atvinnulífi og skiptir miklu máli að sjóðurinn hafi skýra eigendastefnu sem leiðarljós í því hlutverki sínu.

LSR vex áfram ár frá ári og voru virkir sjóðfélagar sem greiða í sjóðinn að meðaltali hátt í 31.400 á árinu, sem er fjölgun um rúmlega 700 frá fyrra ári. Lífeyrisþegar sjóðsins voru að meðaltali rúmlega 24.600 og fengu að jafnaði hátt í 8 ma.kr. í lífeyri í hverjum mánuði, en lífeyrisgreiðslur ársins voru 93,6 ma.kr.

Það er ekki hlaupið að því að þjónusta slíkan fjölda sjóðfélaga dag frá degi. Til að bæta þjónustu er unnið ötullega að því að efla stafræna þjónustu sjóðsins, þannig að sjóðfélagar geti sjálfir haft aðgang að betri gögnum um stöðu sína. Starfsfólk LSR hefur sinnt þjónustu við sjóðfélagana með þryði auk þess að takast á við önnur flókin og umfangsmikil viðbótarverkefni á árinu. Ég vil því að lokum fyrir hönd stjórnar sjóðsins nýta tækifærið til að þakka starfsfólki sjóðsins framlag þeirra á árinu auk þess að þakka sjóðfélögum, launagreiðendum og öðrum samstarfsaðilum sjóðsins fyrir samfylgdina.

Guðrún Ögmundsdóttir
formaður stjórnar LSR

Stjórn

Stjórn LSR er skipuð 8 stjórnarmönnum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 24 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári.

Á árinu 2023 var Árni Stefán Jónsson formaður stjórnar og Guðrún Ögmundsdóttir varaformaður. Í ársbyrjun 2024 var Guðrún hins vegar kjörin formaður stjórnar og tók Magnús Þór Jónsson við embætti varaformanns.

Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn og rann skipunartími stjórnar út í árslok 2023. Ný stjórn var kjörin í ársbyrjun 2024 og mun hún starfa til ársloka 2026. Stjórn LSR ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Endurskoðun ársreikninga LSR er í höndum Grant Thornton endurskoðunar en Deloitte sér um innri endurskoðun sjóðsins.

Stjórn LSR

Guðrún Ögmundsdóttir

Formaður stjórnar

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Magnús Þór Jónsson

Varaformaður stjórnar

Skipaður af stjórn KÍ

Árni Stefán Jónsson

Skipaður af stjórn BSRB

Jökull Heiðdal Úlfsson

Skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra

Ólafur Hvanndal Ólafsson

Skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra

Ragnhildur Jónsdóttir

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Skipuð af stjórn BSRB

Unnur Berglind Friðriksdóttir

Skipuð af stjórn BHM



Stjórn LSR 2024

Fremri röð frá vinstri:

Magnús Þór Jónsson, varaformaður stjórnar, Guðrún Ögmundsdóttir, formaður stjórnar, Unnur Berglind Friðriksdóttir.

Aftari röð frá vinstri:

Árni Stefán Jónsson, Ólafur Hvanndal Ólafsson, Jökull Heiðdal Úlfsson, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir.

Lykilstærðir


LSR

Lykiltölur LSR


	2023	2022
Nafnávöxtun	9,2%	-4,6%
Hrein raunávöxtun	1,0%	-12,9%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,13%	0,12%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.405.195	1.293.133
Lífeyrir	93.586	83.309
Iðgjöld	49.157	44.894
Veitt lán	16.084	16.911
Fjöldi veittra lána	790	866
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	31.388	30.680
Meðalfjöldi lífeyrisþega	24.632	23.527

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.


Hrein raunávöxtun




Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



Verðbréfaeign 2023



Lífeyrisgreiðslur (ma.kr.)




Samtryggingardeildir


A-deild

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris A-deild
(ma.kr.)




Breyting á hreinni eign á árinu 2023
(ma.kr.)




B-deild

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa.

Hrein eign til greiðslu lífeyris B-deild
(ma.kr.)



Breyting á hreinni eign á árinu 2023
(ma.kr.)



Ávöxtun og hrein eign



Nafnávöxtun LSR á árinu 2023 var 9,2% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 1,0% samanborið við -12,9% árið 2022. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 4,0% og meðaltal síðustu tíu ára er 4,4%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ávöxtun ársins


	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	9,0%	9,9%	9,2%
Hrein raunávöxtun	0,9%	1,5%	1,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,1%	3,7%	4,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,4%	4,2%	4,4%

Ávöxtun ársins


	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Séreign Tilgreind*
Nafnávöxtun	11,0%	8,2%	8,8%	8,2%
Hrein raunávöxtun	2,7%	0,1%	0,7%	3,9%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,4%	1,7%	0,6%	
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,1%	2,7%	1,3%	

*Tilgreind séreign var stofnuð 1.7.2023. Tölur reiknaðar á ársgrundvelli.

Hrein raunávöxtun




Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.405,2 ma.kr. í árslok 2023 sem er um 112,1 ma.kr. hækkun á milli ára, eða 8,7%. Markaðir voru nokkuð sveiflukenndir á árinu, fóru vel af stað framan af ári, tóku dýfu um miðbik árs en styrktust aftur á síðasta ársfjórðungnum. Þegar upp var staðið voru hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins (fjárfestingartekjur að frádregnum fjárfestingargjöldum) jákvæðar um 118,8 ma.kr. fyrir árið í heild. Árið 2022 höfðu fjárfestingartekjur hins vegar verið neikvæðar um 62,2 ma.kr. Töluverðar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin 10 ár, en eins og sjá má á grafinu hér til hliðar hafa fjárfestingartekjur sjóðsins verið yfir 100 ma.kr. fjögur af síðustu fimm árum. Þar sker 2022 sig talsvert úr, enda er það eina árið síðasta áratuginn sem skilaði neikvæðum fjárfestingartekjum.

Hreinar fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Hreinar fjárfestingartekjur


(m.kr.)

	2023	2022
A-deild	93.561	(39.513)
B-deild	22.854	(22.145)
Séreign	2.404	(533)
Samtals	118.819	(62.191)

Frá upphafi árs 2014 til ársloka 2023 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris aukist um 920,2 ma.kr., úr 484,9 ma.kr. í 1.405,2 ma.kr. Af aukningu eigna á tímabilinu voru fjárfestingartekjur 81,7% eða 751,3 ma.kr. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 209,6 ma.kr. á tímabilinu. Á móti hafa greiðslur lífeyris og kostnaður verið 67,3 ma.kr. umfram iðgjaldagreiðslur og greiðslur vegna lífeyrishækkana í B-deild.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(m.kr.)

	2023	2022	Breyting
A-deild	1.140.113	1.021.913	11,6%
B-deild	237.175	246.172	-3,7%
Séreign	27.907	25.048	11,4%
Samtals	1.405.195	1.293.133	8,7%

Inn- og útlæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi hefur þróun eigna verið það einnig. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 883,4 ma.kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 20,2 ma.kr. Eignir Séreignar hafa aukist um 16,7 ma.kr. eða 141,3% á síðustu tíu árum.

Greining á hækkun eigna 2014-2023

(m.kr.)

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	Hlutfall
Hreinar fjárfestingartekjur	536.357	202.989	12.002	751.349	81,7%
Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað	217.485	(289.494)	4.670	(67.340)	-7,3%
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	80.042	0	90.460	9,8%
Greiðslur vegna lífeyrisauka	119.110	0	0	119.110	12,9%
Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga við B-deild	0	26.614	0	26.614	2,9%
Samtals hækkun eigna síðastliðin 10 ár	883.370	20.151	16.672	920.192	100%

Eignir og markaðir




Eignasafn

Í árslok 2023 stóð samanlagt eignasafn LSR í 1.404 mö.kr. sem er aukning um 111,5 ma.kr. frá fyrra ári. Eignasafn sjóðsins hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum en á síðastliðnum fimm árum, eða frá lokum árs 2018, hefur eignasafnið vaxið um 532 ma.kr.

Eignasafn sjóðsins í árslok skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 595,5 ma.kr., eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 753,6 ma.kr. og innlán námu 54,9 mö.kr. Hlutfall eigna í erlendri mynt var tæplega 43,1% og hlutfall verðtryggðra eigna var um 33,6% af eignasafni sjóðsins í árslok 2023.

Undanfarin ár hefur hlutfall hlutabréfa farið vaxandi í eignasafni sjóðsins. Sú þróun endurspeglar þann áhættuvilja sem sjóðurinn hefur markað sér. Einn þáttur í þeirri vegferð eru auknar fjárfestingar á erlendum mörkuðum sem styðja við eigna- og áhættudreifingu í eignasafni LSR, enda er safnið stórt í samanburði við íslenska hagkerfið. Við stýringu eigna er leitast við að hafa dreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt er tekið tillit til UFS-þátta, þ.e. umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingarkosta í samræmi við fjárfestingarstefnu, eigendastefnu og sjálfbærnistefnu sjóðsins.

Verðbréfaeign 2023



Eignasafn

(m.kr.)

Hlutföll

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	215.586	54.808	889	271.283	19,0%	22,9%	3,2%	19,3%
Ríkisbréf	183.451	49.839	662	233.953	16,1%	20,8%	2,4%	16,7%
Sveitarfélagabréf	32.135	4.969	227	37.331	2,8%	2,1%	0,8%	2,7%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	161.253	26.172	319	187.744	14,2%	10,9%	1,1%	13,4%
Sjóðfélagalán	102.148	20.633	0	122.781	9,0%	8,6%	0,0%	8,7%
Veðskuldabréf og -sjóðir	25.968	1.623	0	27.591	2,3%	0,7%	0,0%	2,0%
Sértryggð bréf	33.137	3.916	319	37.372	2,9%	1,6%	1,1%	2,7%
Erlend skuldabréf	28.711	1.648	0	30.359	2,5%	0,7%	0,0%	2,2%
Erlend skuldabréf	28.711	1.648	0	30.359	2,5%	0,7%	0,0%	2,2%
Skuldabréf - önnur	88.743	12.710	4.672	106.125	7,8%	5,3%	16,7%	7,6%
Fyrirtækjabréf	76.013	11.147	0	87.160	6,7%	4,7%	0,0%	6,2%
Lánastofnanabréf	11.677	1.534	0	13.211	1,0%	0,6%	0,0%	0,9%
Skuldabréfasjóðir	1.053	29	4.672	5.754	0,1%	0,0%	16,7%	0,4%
Laust fé	25.496	15.418	13.969	54.884	2,2%	6,4%	50,0%	3,9%
Innlán	18.034	15.418	13.969	47.422	1,6%	6,4%	50,0%	3,4%
Lausafjársgjóðir	7.462	0	0	7.462	0,7%	0,0%	0,0%	0,5%
Innlend hlutabréf	158.858	33.658	1.241	193.756	14,0%	14,1%	4,4%	13,8%
Innlend hlutabréf	143.697	32.582	1.241	177.520	12,6%	13,6%	4,4%	12,6%
Innlendir framtakssjóðir	15.161	1.075	0	16.236	1,3%	0,4%	0,0%	1,2%
Erlend hlutabréf	458.288	94.762	6.836	559.886	40,3%	39,6%	24,5%	39,9%
Erlend hlutabréf	353.863	93.271	6.836	453.970	31,1%	39,0%	24,5%	32,3%
Erlendir framtakssjóðir	104.425	1.491	0	105.916	9,2%	0,6%	0,0%	7,5%
Eignasafn alls	1.136.935	239.176	27.926	1.404.038	100%	100%	100%	100%

Fjárfestingar ársins

Á árinu 2023 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir samtals 51,2 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Í A-deild eru fjárfestingar umfram sölur en í B-deild er þessu öfugt farið, sem er í takti við mismunandi fjárstreymi deildanna. A-deild er ungur og ört vaxandi sjóður og greidd iðgjöld til A-deildar eru mun hærrí en greiddar lífeyrisgreiðslur. B-deild, sem er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum, er með neikvætt greiðsluflæði og er greiddur lífeyrir til sjóðfélaga mun hærrí en þau iðgjöld sem sjóðurinn fær til sín. Af þeim sökum þarf B-deild að selja eignir til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum og því er meginstefna deildarinnar að fjárfesta í seljanlegum eignum.

Kaup á skuldabréfum á árinu námu 33,5 mö.kr., að teknu tilliti til sölu og uppgreiðslna á skuldabréfum. Útlán til sjóðfélaga voru 8,9 ma.kr. umfram uppgreidd lán á árinu. Fjárfestingar sjóðsins í grænum og félagslegum skuldabréfum námu 1,9 ma.kr. í sex skuldabréfaflokkum.

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum og sérhæfðum sjóðum námu 7,1 ma.kr., þar af voru um 4,4 ma.kr. í skráðum og óskráðum hlutabréfum á innlendum markaði. Fjárfestingar í erlendum hlutabréfum umfram sölur námu 9,4 mö.kr. á árinu. Fjárfesting A-deildar í skráðum hlutabréfum í gegnum hlutabréfasjóði ásamt innköllunum í sérhæfða sjóði á áskriftarformi nam 23,8 mö.kr. en B-deild seldi fyrir 14,3 ma.kr. í sömu flokkum verðbréfa.

Nettófjárfestingar

(m.kr.)

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	11.292	(432)	15	10.874
Ríkisbréf	7.437	(600)	15	6.853
Sveitarfélagabréf	3.855	167	0	4.022
Fasteignaveðtryggð verðbréf	13.459	(466)	99	13.093
Sjóðfélagalán	9.410	(466)	0	8.945
Veðskuldabréf og -sjóðir	851	0	0	851
Sértryggð bréf	3.198	0	99	3.297
Erlend skuldabréf	978	(282)	0	696
Erlend skuldabréf	978	(282)	0	696
Skuldabréf - önnur	8.306	572	(56)	8.822
Fyrirtækjabréf	3.579	242	0	3.821
Lánastofnanabréf	5.302	500	0	5.802
Skuldabréfasjóðir	(575)	(169)	(56)	(800)
Laust fé	831	0	(165)	667
Innlán	0	0	(165)	(165)
Lausafjár sjóðir	831	0	0	831
Innlend hlutabréf	10.545	(3.481)	69	7.133
Innlend hlutabréf	7.345	(3.061)	69	4.353
Innlendir framtakssjóðir	3.200	(421)	0	2.780
Erlend hlutabréf	23.819	(14.251)	(218)	9.350
Erlend hlutabréf	12.551	(14.060)	(218)	(1.727)
Erlendir framtakssjóðir	11.268	(191)	0	11.077
Fjárfestingar alls	69.230	(18.340)	(255)	50.635


Áfram er lögð áhersla á sjálfbærar fjárfestingar og loftlagstengd markmið í fjárfestingum sjóðsins. Hlutfall þessara fjárfestinga hækkaði á milli ára úr 32,7% í 39,3%, sé horft á fjárfestingar í skráðum erlendum verðbréfum. Til viðbótar koma svo skuldbindingar LSR í áskriftarsjóði með sjálfbærni að markmiði sem munu koma til fjárfestinga á næstu árum. Með þessum fjárfestingum, auk fjárfestinga í grænum og félagslegum skuldabréfum, hefur LSR stigið stór skref í átt að sjálfbærara eignasafni.

Innlend skuldabréf


Innlent skuldabréfasafn LSR nam 565,2 mö.kr. í árslok 2023. Safnið er vel dreift á ólíka skuldabréfaflokka, bæði verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf, en stærstu flokkarnir eru skuldabréf með ríkisábyrgð, útlán til sjóðfélaga og fyrirtækjaskuldabréf. Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR var 8,3% á árinu 2023 sem samsvarar 0,2% raunávöxtun.

Verðbólga hérlendis, sem byggir á vísitölu til verðtryggingar, nam 8,0% í árslok, sem má að miklu leyti rekja til verðhækkana á innfluttum vörum og launahækkana. Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 6% í upphafi síðasta árs eftir tíðar og miklar vaxtahækkningar á árinu 2022. Stýrivextir voru hækkaðir fjórum sinnum á árinu og voru 9,25% í árslok 2023. Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) hækkaði um 3,3% árinu og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) hækkaði um 4,4%.

Próun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu



Próun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKS) á árinu




Hækkun meginvaxta Seðlabanka Íslands á árinu og aðrir óvissuþættir í efnahagsmálum leiddu til þess að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og þar með lækkaði virði þeirra skuldabréfa sem LSR færir á markaðsvirði. Á móti vegur ávöxtun þeirra skuldabréfa sem LSR færir á kaupkröfu og ætlað er að halda allt til lokagjalds en hlutfall þeirra nam 55% af skuldabréfasafni sjóðsins í lok ársins 2023.

Í lok árs hófust á ný jarðhræringar á Reykjanesi og þrjú eldgos á Sundhnúkagígjaröð dundu yfir á stuttum tíma. Efnahagsáhrif þessa eru ekki enn komin fram að fullu og enn ríkir mikil óvissa um framhaldið.

Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	m.kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	95.952	17,0%
Ríkissjóður Íslands	75.366	13,3%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	57.233	10,1%
Íslandsbanki hf.	19.612	3,5%
Landsbankinn hf.	17.115	3,0%
Reitir fasteignafélag hf.	16.055	2,8%
Reginn hf.	15.230	2,7%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	13.774	2,4%
Reykjavíkurborg	12.113	2,1%
Eik fasteignafélag hf.	10.174	1,8%

Safn skuldabréfa í árslok



Það tók að léttast til á skuldabréfamarkaði undir lok árs 2023, sérstaklega eftir að verðbólga í desember mældist undir væntingum greiningaraðila. Árið reyndist gott ferðamannaár og komu 2,2 milljónir ferðamanna til landsins. Hagvöxtur mældist 4,1% á árinu auk þess sem atvinnuleysi hefur haldist lágt og mældist það 3,6% í lok árs.

Innlend hlutabréf

Innlend hlutabréf í eignasafni LSR námu 177,5 mö.kr. í lok árs 2023. Þau skiptast þannig að skráð bréf voru 160,3 ma.kr. og óskráð bréf voru 17,2 ma.kr. Safnið er vel dreift á flestar atvinnugreinar landsins en stærstu stöður sjóðsins í skráðum félögum voru Brim, Arion banki og Marel. Stærstu stöður sjóðsins í óskráðum félögum eru Eyrir Invest, Jarðvarmi og Blávarmi.

Skráð innlend hlutabréf í safni LSR lækkuðu á árinu um 0,4% og óskráð hlutabréf um 4,4%. Til samanburðar lækkaði heildarvísitalan OMXIGI um 0,7% og OMXI15GI vísitalan, sem endurspeglar 15 veltumestu félögin í kauphöllinni, hækkaði um 1,2%. Þau félög sem skiluðu hæstu ávöxtun á árinu í safni sjóðsins voru Ölgerðin, Sjóvá og Festi.

Eftir erfitt ár á verðbréfamörkuðum 2022 var almennt búist við að markaðurinn tæki við sér og farið væri að sjá fyrir endann á hækkandi verðbólguvæntingum og tilheyrandi vaxtahækkunum. Árið 2023 hófst því á jákvæðum nótum á fyrsta fjórðungi áður en harðna tók á dalnum. Væntingar um langvarandi háan fjármagnskostnað juku á svartýni hjá fjárfestum sem tóku að færa sig úr áhættumeiri eignum í áhættuminni.

Afleiðingar af brostnum aðfangakeðjum og stríðsrekstri höfðu enn langdregnari áhrif á þau félög sem þrífast á alþjóðlegum mörkuðum en búist var við. Þar ber helst að nefna Marel, sem vegur þungt á innlendum markaði, en hlutabréfaverð félagsins lækkaði mikið frá aprílmánuði og fram undir miðjan nóvember. Önnur ástæða neikvæðrar þróunar

í apríl voru mikil vonbrigði markaðsaðila þegar tilkynnt var um synjun bandaríska lyfjaeftirlitsins á markaðsleyfi Alvotech. Félagið var á þeim tímapunkti orðið stærsta félagið í kauphöllinni og lækkaði skarpt í kjölfarið.

Þá juku jarðhræringar á Reykjanesi almenna óvissu varðandi tjón á fasteignum og innviðum sem gætu að auki haft neikvæð áhrif á ferðamannaiðnaðinn. Endurskoðun kjarasamninga hafði líka áhrif á væntingar markaðsaðila.

Tíu stærstu útgefendur innlendra hlutabréfa í safni LSR í árslok

	m.kr.	Hlutfall
Brim hf.	28.184	15,9%
Arion banki hf.	21.342	12,0%
Marel hf.	19.559	11,0%
Íslandsbanki hf.	17.241	9,7%
Hagar hf.	11.932	6,7%
Festi hf.	8.395	4,7%
Kvika banki hf.	8.020	4,5%
Össur hf.	7.428	4,2%
Reitir fasteignafélag hf.	5.822	3,3%
Reginn hf.	5.431	3,1%

Þrátt fyrir miklar sveiflur, óvissu og neikvæða ávöxtun framan af ári reyndist grunnrekstur innlendra rekstrarfélaga vera sterkur enda skilaði hagkerfið góðum hagvexti á árinu 2023 eða um 4,1%. Undirliggjandi verðlagning markaðarins var betri að mati eignastýringar LSR en væntingar bentu til á haustmánuðum og því ánægjulegt að sjá skarpan viðsnúning í nóvember. Tilkynning um áhuga John Bean Technologies á hugsanlegum samrunaviðræðum við Marel jók bjartsýni markaðsaðila gagnvart félaginu og markaðnum heilt yfir. Á svipuðum tíma bárust jákvæðar fréttir af lyfjapróun og leyfisveitingum Alvotech sem minnkuðu þá óvissu sem einkenndi alla umræðu um félagið. Gangi áætlanir stjórnenda Alvotech eftir mun það hafa veruleg jákvæð áhrif á innlenda markaðinn. Síðast en ekki síst studdu miklar hækkunar á erlendum mörkuðum við þann innlenda og þróun viðmiðunarvísitölu innan ársins 2023 gekk til baka úr -14% í -0,7%. Því fór betur en á horfðist um mitt ár, en þrátt fyrir viðsnúninginn í lok árs varð ávöxtun innlendra hlutabréfa í safni sjóðsins neikvæð.

Safn óskráðra innlendra hlutabréfa lækkaði á árinu og er lækkunin nær öll tilkomin vegna niðurfærslu á eignarhlut sjóðsins í Eyri Invest, sem er að stærstum hluta óbeinn eignarhlutur í Marel. Aðrar eignir í safni óskráðra hlutabréfa hjá sjóðnum eru helst eignarhlutir í Jarðvarma sem fer með helmingshlut í HS Orku og einnig í Blávarma sem á hlut í Bláa Lóninu.

Þróun OMXIGI og OMXI15GI á árinu (hlutabréfavísitala)



Innlendir sérhæfðir sjóðir

Innlendir sérhæfðir sjóðir eru sjóðir á áskriftarformi sem kalla inn fjármuni á fjárfestingatíma sjóðanna. Undir sérhæfða sjóði í safni LSR falla aðallega framtakssjóðir og nýsköpunarsjóðir.

Framtakssjóðir fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingarstigum með það meginmarkmið að auka virðissköpun og vöxt þeirra félaga sem fjárfest er í. Nýsköpunarsjóðir fjárfesta í félögum á fyrstu árum starfsemi þeirra. Slíkir sjóðir falla undir eitt af þeim Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem LSR hefur tileinkað sér í sjálfbærnistefnu sinni, nánar tiltekið markmið númer 9 sem gengur út á að hlúa að nýsköpun og stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu. Eignir LSR í innlendum sérhæfðum sjóðum námu liðlega 16,2 mö.kr. í árslok 2023 og var ávöxtunin jákvæð um 2,7% að nafnvirði. Stærstu eignir í safninu voru eignarhlutir í VEX I slhf., Umbreytingu II slhf., Horni IV slhf. og Frumtaki II slhf.

Erlend hlutabréf

Erlent skráð hlutabréfasafn LSR nam 454 mö.kr. í árslok 2023. Safnið skilaði 16,8% nafnávöxtun á árinu í krónum talið. Yfir árið hækkaði heimsvísitala hlutabréfa, (MSCI vísitalan) um 18,7% og MSCI ACWI vísitalan um 17,2%, reiknað í krónum. Báðar vísitölurnar mæla ávöxtun hlutabréfa á heimsvísu en hin síðarnefnda tekur einnig tillit til hlutabréfa í nýmarkaðsríkjum (e. Emerging Markets) og endurspeglar því betur erlent hlutabréfasafn LSR.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Vanguard Group	65.892	14,5%
State Street Global Advisors	52.109	11,5%
Morgan Stanley	47.448	10,5%
Storebrand Asset Management AS	46.406	10,2%
MFS Investment Funds	43.540	9,6%
Wellington Management Company	41.102	9,1%
T. Rowe Price	32.572	7,2%
JP Morgan Asset Management	26.639	5,9%
Seilern Investment Management	19.155	4,2%
Jupiter Fund Management	18.710	4,1%

Ávöxtun hlutabréfa var mjög misskipt á árinu og leiddu hækkanir hlutabréfa stærstu tæknifyrirtækjanna á heimsmarkaði ávöxtun heimsvísitölnunnar að mestu leyti og byggðu þessar hækkanir á væntingum fjárfesta um framtíðararðsemi af gervigreind. Birtingarmynd þeirrar þróunar var að bandaríska hlutabréfavísitalan S&P500 hækkaði um 19,1% í krónum talið en sama vísitala þar sem öll félög eru jafnvigtuð hækkaði aðeins um 7%. Evrópuvísitala MSCI hækkaði um

15,1% og nýmarkaðsvísitala MSCI um 2,6% í krónum talið. Við uppbyggingu erlenda hlutabréfasafns LSR er tekið tillit til áhættudreifingar og skýrist frávik í ávöxtun safnsins frá heimsvísitölu að langmestu leyti af því hversu fá fyrirtæki drifu áfram ávöxtun heimsvísitölnnar á árinu.

Í upphafi ársins var verðbólga hærrí en hún hafði verið í áratugi og viðbragð stærstu seðlabanka heimsins var að hækka vexti í hæðir sem hafa ekki sést frá árinu 2007. Vandræði komu upp snemma árs á bankamarkaði í Bandaríkjunum þegar Silicon Valley Bank lenti í vanda. Verðbólga, rýrnandi kaupmáttur og hækkanði vextir þóttu ekki fyrirboði um góða ávöxtun og góðar hagvaxtarhorfur á árinu. Heimshagkerfið hélt hins vegar ágætlega velli, atvinnustig var áfram hátt og verðbólgan tók að hjaðna. Undir lok ársins glæddust væntingar fjárfesta um að erfiðasti hjallinn væri að baki.

Fyrstu níu mánuði ársins var nafnávöxtun erlendra hlutabréfa lág en á síðasta ársfjórðungi ársins varð hraður viðsnúningur þegar væntingar fjárfesta um að vextir hefðu náð hámarki og myndu lækka skarpt glæddust. Á síðustu tveimur mánuðum ársins kom fram ríflega helmingur hækkanar heimsvísitölnnar á árinu 2023 og ríflegur meirihluti af nafnávöxtun erlendra skráðra hlutabréfa í safni LSR.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



Þróun MSCI og MSCI ACWI með arði (USD) á árinu



Erlendir sérhæfðir sjóðir

Erlendir sérhæfðir sjóðir eru sjóðir á áskriftarformi sem kalla inn fjármuni á fjárfestingatíma sjóðanna. Sjóðirnir fjárfesta á heimsvísu og undir erlenda sérhæfða sjóði í safni LSR falla aðallega framtaks-sjóðir, innviðasjóðir og fasteignasjóðir. Erlendir sérhæfðir sjóðir í safni LSR fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingastigum, þó aðallega meðalstórum og stórum félögum, í því augnamiði að auka við vöxt og virðissköpun félaga á heimsvísu.

Safn erlendra sérhæfðra sjóða hefur farið stækkandi á undanförunum árum, en þó einkum í A-deild. Eignir LSR í erlendum sérhæfðum sjóðum námu 105,9 mö.kr. í árslok 2023 sem samsvarar 7,5% af heildareignum LSR en hlutfallið er 9,2% í eignasafni A-deildar. Safnið skilaði 5,5% ávöxtun á árinu í krónum talið. Árangurinn endurspeglar erfitt umhverfi félaga á árinu, háan fjármagnskostnað og takmarkaðan seljanleika óskráðra eigna.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra sérhæfðra sjóða í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Morgan Stanley AIP Private Markets	21.136	21,4%
KKR & Co. Inc.	11.347	10,9%
New Mountain Capital, L.L.C.	9.174	10,8%
Partners Group AG	8.911	8,1%
Warburg Pincus LCC	7.732	8,0%
EQT Fund Managers	7.144	6,0%
Blackstone Capital Partners L.P.	7.000	5,9%
Carlyle Investment Management L.L.C	5.804	5,8%
LGT Capital Partners	5.618	5,7%
AlpInvest Partners	5.104	4,1%

Erlend skuldabréf

Nafnávöxtun erlendrar skuldabréfaeignar LSR var 6,9% en raunávöxtun safnsins var -1,1%. Safnið samanstendur af skráðum og óskráðum skuldabréfasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum og lánasjóðum þar sem megináhersla er á bein fyrirtækjalán. Eignir sjóðsins í erlendum skuldabréfum námu 30,4 mö.kr. í árslok 2023.

Aðstæður á erlendum skuldabréfamörkuðum voru ólíkar því sem fjárfestar hafa mátt venjast um langt tímabil í kjölfar fjármálakreppunnar. Verðbólga var há og ávöxtunarkrafa langra ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum hefur ekki verið hærrí frá árinu 2007 og samsvarandi ávöxtunarkrafa ekki hærrí í Evrópu frá árinu 2011. Það sem einkenndi stöðu ríkisskuldabréfa í þessum mikilvægu hagkerfum var að ávöxtunarkrafa til skamms tíma var mun hærrí en til langs tíma. Slík staða hefur í sögulegu samhengi reynst boða efnahagssamdrátt. Það varð hins vegar ekki raunin á árinu 2023 og hafa stærstu hagkerfi heimsins viðhaldið jákvæðum hagvexti, þótt hann sé minni en hefur verið að meðaltali síðustu ár. Ávöxtun heimsvísitölu skuldabréfa (e. GABI) síðastliðin 10 ár hefur aðeins verið 0,4% í dollurum talið. Væntingar greiningaraðila eru um að hagur fjárfesta á skuldabréfamarkaði hafi vænkast og að nú sé ágætt tækifæri til að auka við vigt eignaflokksins.

Um erlendar fjárfestingar LSR

LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum, bæði skráðum og óskráðum. Við val á þeim er horft til margra þátta, m.a. fjárfestingarstefnu og aðferðafræði, áhættudreifingar, reynslu, árangurs, kostnaðar og sjálfbærniþæmiða stýringaraðilanna. LSR fjárfestir bæði í vísitölusjóðum og sjóðum sem beita virkri stýringu við val á eignum og leggur áherslu á góða dreifingu í verðbréfasafni sjóðsins.

LSR er langtímafjárfestir og leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Mikilvægt er að eignastýringaraðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum (UFS) og geti með greinargóðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga. LSR framkvæmir UFS-mat á eignasafninu að minnsta kosti árlega og birtir á heimasíðu sinni. Þannig getur sjóðurinn bæði metið einstaka útgefendur verðbréfa og verðbréfasjóða en einnig metið þróun safnsins frá einum tíma til annars. Sé horft á safn erlendra verðbréfasjóða hjá LSR út frá SFDR-reglugerð Evrópusambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu var um 93% af skráðu hlutabréfasafni sjóðsins í verðbréfasjóðum þar sem sjálfbærni hefur verið innleidd í fjárfestingarferli sjóðs (Article 8 skv. SFDR reglugerð ESB) eða í verðbréfasjóðum sem hafa sérstök sjálfbærnimarkmið (Article 9 skv. SFDR reglugerð ESB).

Útlán til sjóðfélaga

Útlán LSR til sjóðfélaga á árinu námu rétt rúmlega 16 ma. kr. sem er lækkun um 5% frá árinu 2022. Veittum lánnum fækkaði nokkuð á milli ára en alls voru veitt 790 lán á árinu miðað við 866 lán árið á undan. Uppgreiðslur lána námu rúmum 7 ma.kr. sem er töluvert lægri fjárhæð en árið á undan þegar uppgreiðslur námu um 15 ma.kr. Á árinu var 903 m.kr. af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Sjóðfélögum hjá LSR stendur til boða að taka óverðtryggð og verðtryggð lán. Á árinu voru 28,9% veittra lána óverðtryggð en 71,1% verðtryggð. Er því um töluverðan viðsnúning að ræða frá 2022 þegar óverðtryggð lán námu 67,4% af heildarlánsfjárhæð en verðtryggð lán námu 32,6%.

Vextir hækkuðu almennt á árinu. Þannig hækkuðu óverðtryggðir vextir sjóðfélagalána úr 7,8% í ársbyrjun í 9,9% við lok árs. Vextir verðtryggðra lána með föstum vöxtum út allan lánstímann voru 2,8% í upphafi árs en höfðu hækkað í 4,1% í lok árs og vextir verðtryggðra lána með vöxtum sem eru fastir í 3 ár hækkuðu úr 2,4% í ársbyrjun í 4,1% í árslok.

Hlutfall lána í vanskilum hefur verið lágt síðustu ár og nam fjárhæð lána í vanskilum 0,18% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2023.

LSR hefur lagt áherslu á sjálfvirkni í tengslum við lánsúmsóknir. Þannig er hægt er að sækja rafrænt um lán hjá LSR á vef sjóðsins, tengjast sjálfvirku greiðslumati og undirrita fylgiskjöl lána með rafrænum hætti. Með aukinni sjálfvirkni leitast LSR við að einfalda lánsúmsóknarferlið og bæta þjónustu við sjóðfélaga.


Útlán til sjóðfélaga

(m.kr.)


	2023	2022	Breyting
Veitt lán á árinu			
Fjárhæð	16.084	16.911	-5,1%
Fjöldi lána	790	866	-9,6%
Meðalfjárhæð	20	19	2,9%
Lán í árslok			
Heildarfjárhæð	122.891	114.100	7,2%
Fjöldi lána	8.114	8.168	-0,7%
Meðalfjárhæð	15	14	7,8%
Upplýsingar um vanskil			
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	222	327	-32,0%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánnum	0,18%	0,29%	-37,9%
Fjöldi lána í meira en þriggja mánaða vanskilum í árslok	14	19	-26,3%

Heildarfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(ma.kr.)




Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga




Meðalfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(m.kr.)



Útstandandi lán til sjóðfélaga

(ma.kr.)



Sjálfbærni



Sjálfbær LSR

Á árinu 2023 setti sjóðurinn sér sjálfbærnistefnu sem fylgdi eftir fyrri stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Tilgangur sjálfbærnistefnu LSR er að lýsa megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn tileinkar sér þær áherslur í starfsemi sinni. Með sjálfbærni er átt við að uppfylla þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða þarfir komandi kynslóða og stuðla að jafnvægi milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnarháttanna.

LSR horfir m.a. til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í tengslum við áherslur sínar á sjálfbærni, en sjóðurinn hefur ákveðið að styðja sérstaklega við markmið um jafnrétti kynjanna, sjálfbæra orku og nýsköpun og uppbyggingu.



Til að ná markmiðum sínum á sviði sjálfbærni lítur sjóðurinn til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS) í innri starfsemi sjóðsins og við fjárfestingar.



Umhverfislegir þættir

Snúa að því hvernig fyrirtæki gæta að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni.



Félagslegir þættir

Snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, viðskiptavini, birgja og hagaðila.



Stjórnarhættir

Snúa að stjórnun fyrirtækja, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

Ábyrgar fjárfestingar

LSR er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun á eignir sjóðsins. LSR leitast einnig við að vera ábyrgur fjárfestir sem stuðlar að góðum starfsháttum á fjármálamarkaði og sýnir það í verki með því að huga að gæðum samfélagsins, stöðugleika og fjölbreytni við fjárfestingarákvarðanir sínar.

Að mati LSR hafa UFS-þættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem samræmast langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.





Í sjálfbærnistefnu er tekið fram hvernig líta skuli til UFS-þátta við ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR. Tekið er tillit til viðeigandi áhættu, þar með talið langtímaáhættu sem getur falist í umhverfis-áhættu, félagslegrar áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum. Mat á

áhættu tengdri sjálfbærni er því hluti af fjárfestingarákvörðun sjóðsins.

Við nýfjárfestingu er unnin greining á félögum og rekstrarfélögum sjóða á grundvelli áreiðanleikakönnunar sem felur m.a. í sér að senda út spurningalista vegna UFS-þátta í tengslum við viðkomandi nýfjárfestingu. Jafnframt er stuðst við UFS-skýrslur frá þriðja aðila og samfélagsskýrslur félaga og rekstrarfélaga sjóða sem tilgreina árangur af þeim stefnum sem settar hafa verið.




LSR hvetur þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í til að sýna gagnsæi þegar kemur að UFS-málefnum og skýra frá því í ársskýrslu eða samfélagsskýrslu hvernig þau fylgi almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði, svo sem heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, UFS-viðmiðum Kauphallarinnar eða leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stýring eignasafns

-  UFS spurningalistar.
-  UFS skýrslur/möt.
-  Fylgni við alþjóðleg viðmið.
-  Fjárfestingar með jákvæð áhrif á umhverfi og félagsmál.






Virkt eignarhald

-  Framþróun starfshátta.
-  Uppbyggileg samtöl.
-  Mæting á hluthafafundi.



Upplýsingagjöf

-  Upplýsingagjöf um ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum.
-  Skýrslugjöf hvernig sjóðurinn hefur náð árangri í ábyrgum fjárfestingum.
-  Alþjóðleg skýrslugjöf, UN-PRI og CIC.

Eigendastefna LSR

LSR hefur sett sér eigendastefnu sem tekur til allra eignaflokka. Stefnan tekur mið af því að sjóðurinn er stór fjárfestir sem horfir til langs tíma. Í stefnunni, sem má finna á heimasíðu sjóðsins, kemur m.a. fram að sjóðurinn leggur áherslu á að vera virkur og ábyrgur fjárfestir. Sjóðurinn er að jafnaði stór fjárfestir innan þeirra innlendu félaga sem hann fjárfestir í, þó lagaskorður hindri að sjóðurinn fari yfir 20% hlutdeild í hverju félagi. Slíku eignarhaldi fylgir ábyrgð og horfir sjóðurinn til þess að hafa jákvæð áhrif í þeim félögum sem hann fjárfestir í, hvort heldur með beinni aðkomu sem hluthafi eða með því að styðja við sjónarmið stjórnenda eða annarra haghafa. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á þátttöku í hluthafaviðburðum og virka þátttöku í afgreiðslu þeirra mála sem liggja fyrir.

Sjóðurinn á eignarhlut í langflestum innlendum skráðum hlutafélögum og hefur ekki útilokað fjárfestingu í neinu þeirra. Á árinu 2023 voru reglulega sóttir hluthafafundir í skráðum og óskráðum innlendum félögum. Í aðraganda slíkra funda á sjóðurinn samtöl við tilnefningarnefndir, stjórnendur og stjórnarmenn félaga, eftir atvikum.

Í samræmi við eigendastefnu LSR birtir sjóðurinn yfirlit um beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum skráðra hlutafélaga á heimasíðu sinni í kjölfar hvers fundar.



UFS-mat eignasafns


UFS-þættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestinga-ákvarðanir og eftirfylgni þar sem ofangreindir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma.

Mikilvægur þáttur í að fylgja eftir sjálfbærnistefnu er að greina UFS-upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins og hefur sjóðurinn birt þessar upplýsingar opinberlega á vefsíðu sinni frá árinu 2022. Sjálfbærnimat á UFS-þáttum innlendra félaga í eignasafni sjóðsins er fengið frá Reitun hf., sem byggir mat sitt bæði á opinberum upplýsingum og fundum með forsvarsmönnum félaga. Þar er félögum gefin stig fyrir hvern UFS-þátt fyrir sig og þeim raðað í flokka eftir einkunn, allt frá A1 niður í D. Með því að greina UFS-upplýsingar fyrir innlendar fjárfestingar í safninu getur sjóðurinn bæði fylgst með árangri einstakra fjárfestinga í safninu en einnig hvernig safnið í heild sinni þróast yfir tíma.



UFS-einkunn

Innlent eignasafn LSR 2023




Sé einkunnagjöf í innlendu eignasafni LSR dregin saman er heildar-einkunn safnsins 81 af 100 mögulegum. Sundurliðað er einkunn eignasafnsins 81 fyrir umhverfispætti, 83 fyrir félagspætti og 78 fyrir stjórnarhætti. Eins og sjá má á meðfylgjandi grafi fellur stærstur hluti eignasafns LSR í flokka á bilinu A3 til B3. Hjá Reitun er lögð áhersla á að meta skráð félög á innlendum hlutabréfamarkaði og því hafa ýmsir fjármálagerningar sem LSR hefur fjárfest í ekki verið metnir. Í heildina eru það tæplega 33% af eignasafni sjóðsins en meðal slíkra eigna eru sjóðfélagalán, verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir auk óskráða skuldabréfa.

Fjárfestingar sjóðsins erlendis eru í gegnum verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og er því ekki um beint eignarhald í félögum að ræða líkt og á innlendum markaði. UFS-mat fyrir erlent eignasafn er því byggt á einkunnagjöf hvers sjóðs. Sjóðirnir sjálfir hafa mótað sér sjálfbærni viðmið og eru misjafnir, allt frá því að vera vísitölusjóðir með væg UFS-markmið yfir í sjóði sem gætu flokkast undir það að vera áhrifafjárfestar með skýr og öflug UFS-markmið.

UFS-mat á erlendu eignasafni LSR styðst við einkunnagjöf frá greiningarfyrirtækinu Morningstar. Það notar skalann 1-5 fyrir einkunnagjöf sína, þar sem 5 er besta einkunn. Eignir í eignasafni LSR fá flestar á bilinu 3 til 5 í einkunn, en rétt eins og við mat á innlendum eignum fæst ekki mat á ákveðnar tegundir fjárfestinga.

UFS-einkunn sjóða

Erlent eignasafn LSR 2023



Mat á sjálfbærni

Regluverk Evrópuþingsins og ráðsins, sem kallað hefur verið SFDR-reglugerðin, hefur verið lögleitt hér á landi. Því er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. Samkvæmt reglugerðinni eiga rekstraraðilar sjóða á fjármálamarkaði að gera grein fyrir hvernig sjóðir þeirra flokkast eftir áherslu á sjálfbærni samkvæmt eftirtalinni flokkun:



Grein 9

Sjóðir sem hafa sjálfbær fjárfestingamarkmið að leiðarljósi.



Grein 8

Sjóðir sem fjárfesta í umhverfis- og samfélagshvetjandi fjármálagerningum.




Grein 6

Sjóðir sem samþætta enga sjálfbærni inn í fjárfestingarferli.

Með hliðsjón af þessu hefur LSR tekið saman hlutfall SFDR-einkunna erlendra sjóða í eignasafni LSR. Við matið var einnig stuðst við gögn frá greiningarfyrirtækinu Morningstar.

SFDR flokkun


Erlent eignasafn LSR 2023



Eins og sjá má af meðfylgjandi töflu fellur meirihluti erlendra sjóða í eignasafni LSR undir sjóði sem fjárfesta í umhverfis- og samfélags-hvetjandi fjármálagerningum (8. gr). Nánar má kynna sér sjálfbærnimat eignasafns LSR á vef sjóðsins.

Sjálfbærni í starfsemi

LSR tekur með fjölbreyttum hætti á umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum í innri starfsemi sinni. Stefna sjóðsins er að vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni með hliðsjón af alþjóðlegum og viðurkenndum viðmiðum og sýna þannig gott fordæmi.



- Samgöngustefna
- Reglur um fjarvinnu
- Umhverfisáætlun



- Mannauðsstefna
- ↻ Reglur um símenntun
- Fræðslustefna
- Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun
- Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi
- Stefna um vinnuvernd



- Reglur um framkvæmd eigendastefnu
- ↻ Reglur um vernd uppljóstrara
- ↻ Verklagsreglur um verðbréfiðskipti LSR
- ↻ Siða- og samskiptareglur
- ↻ Reglubók upplýsingaöryggis
- ↻ Áhættustefna
- ↻ Eigendastefna
- ↻ Starfskjarastefna
- Starfsreglur stjórnar
- Upplýsingaöryggisstefna

● Gefið út á árinu 2023

↻ Uppfært á árinu 2023

● Í vinnslu á árinu 2023

— Óbreytt milli ára 2022 og 2023

Umhverfislegir þættir

LSR hefur það að markmiði að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið. Sjóðurinn leitast við að varðveita auðlindir, draga úr úrgangi og kolefnisspori og endurvinna það sem hægt er.

Á síðasta ári setti sjóðurinn sér samgöngustefnu sem hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna ferðamáta. Einnig var gefin út fjarvinnustefna sem einfaldar starfsfólki að vinna að hluta heiman frá sér og er báðum framangreindum stefnum ætlað að draga úr kolefnisspori starfsfólks LSR. Sjóðurinn hefur einnig sett sér umhverfisáætlun þar sem tiltekin eru markmið sjóðsins í umhverfismálum.

Á árinu 2023 tók LSR sitt fyrsta skref til að greina upplýsingar tengdar sjálfbærni í rekstri sjóðsins. Sjóðurinn er nú með yfirsýn yfir eigin vatnsnotkun, rafmagnsnotkun, pappírnotkun og meðhöndlun úrgangs.


Félagslegir þættir

LSR leggur áherslu á jafnrétti í starfsemi sinni og setur heilbrigt og öruggt starfsumhverfi í forgang. Sérstök mannauðstefna (áður starfsmannastefna) var sett á árinu. Í mannauðsstefnunni er m.a. fjallað um ráðningar, starfslýsingar, vinnutíma, aðbúnað og vinnuumhverfi. Einnig er fjallað um endurmenntun, fræðslu og þjálfun, sem eru allt mikilvægir þættir í að efla og hvetja starfsfólk.

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnlaunastefnu en sjóðurinn skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Jafnframt er í gildi jafnréttisáætlun og kemur þar fram að starfsfólki skuli ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáninga, aldurs, trúar, skoðana eða annarra ómálefnalegra þátta. Stefnur sjóðsins eru kynntar starfsfólki með reglubundnum hætti, en að jafnaði eru starfsmannafundir haldnir mánaðarlega.


Sorp

á hvern starfsmann

2023 **63 kg**  2022 **61 kg**


Vatnsnotkun

á hvern starfsmann

2023 **138 m³**  2022 **169 m³**

Prentun

á hvern starfsmann

2023 **1.906 stk.**  2022 **1.860 stk.**


Rafmagnsnotkun

á hvern starfsmann


2023 **1.719 kWh**  2022 **1.614 kWh**

Vinnuvernd og heilsuefling er mikilvægur þáttur í aðbúnaði starfsfólks. Starfsfólki sjóðsins býðst árlega að fara í heilsufarsmælingu og í influensuprautu. Fulltrúi vinnuverndar mætir reglulega til að aðstoða starfsfólk að fara yfir starfsstöðvar og leiðbeina um rétta líkamsstöðu við störf. Sjóðurinn býður upp á styrki sem hvetja starfsfólk til heilbrigðis og hreyfingar. Sjóðurinn leggur áherslu á hollt fæði í mötuneyti sjóðsins.

Kynjaskipting starfsfólks



Kynjaskipting millistjórnenda



Stjórnarhættir

LSR viðhefur góða stjórnarhætti, stuðlar að traustum samskiptum og leggur áherslu á hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í starfsemi sjóðsins. Sjóðurinn varðveitir gögn og upplýsingar með öruggum hætti ásamt því að leggja áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni.

Stjórn LSR hefur sett sér starfsreglur sem hún starfar eftir og er þeim ætlað að styðja við góða stjórnarhætti í starfsemi sjóðsins. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi og er í starfsreglunum kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera ráðstafanir sem eru til þess að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

LSR hefur sett sér siða- og samskiptareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra og óæskilega viðskiptahætti. Í reglunum kemur fram að stjórn og starfsfólk skulu vinna gegn mútum, kúgun, fjársvikum og annarri spillingu.

LSR hefur sett reglur um vernd uppljóstrara en markmiðið með þeim reglum er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi hjá LSR sé hún til staðar. Jafnframt er með reglunum tryggð vernd fyrir þann aðila sem upplýsir eða tilkynnir um slíka háttsemi.

A-deild



A-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	9,0%
Hrein raunávöxtun	0,9%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,11%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.140.113
Hreinar fjárfestingartekjur	93.561

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	44,4%
Hlutfall verðtryggðra eigna	33,3%

Iðgjöld	46.184
Lífeyrir	20.887

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	30.277
Meðalfjöldi lífeyrisþega	12.569
Meðalaldur sjóðfélaga	44

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um A-deild


A-deild LSR var stofnuð árið 1997 en samhliða því var B-deild sjóðsins lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. A-deildinni er ætlað að vera að fullu fjármögnuð með iðgjöldum, ólíkt B-deildinni. Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr því að vera jöfn og óháð aldri yfir í að vera aldurstengd auk þess sem óbein bakábyrgð launagreiðenda á lífeyrisréttindum var felld niður.

A-deild LSR hefur starfað í 27 ár sem þykir ekki ýkja langur tími fyrir lífeyrissjóð. Þrátt fyrir það er deildin orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið, en hrein eign A-deildar var 1.140,1 ma.kr í árslok 2023. Deildin hefur vaxið um 844,2 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum og eru 61% þess vaxtar komin til vegna ávöxtunar.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í A-deild á árinu 2023 var 30.277, sem er fjölgun um 3% frá árinu áður, og var meðalaldur virkra sjóðfélaga 44 ár. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 12.569 á árinu 2023, sem er fjölgun um 12,4% frá árinu áður. Í árslok 2023 átti 80.071 sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2023 nam verðbréfaeign A-deildar 1.136,9 mö.kr. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2024. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir að hlutfall hlutabréfa í safni sjóðsins hækki lítillega á komandi árum og þar með eykst áhættan í verðbréfasafni sjóðsins en væntingar eru til þess að þetta skili hærri ávöxtun til lengri tíma lítið. Eftir sem áður er þó lögð áhersla á eigna- og áhættudreifingu í eignasafninu með hagkvæmasta samvali verðbréfa.

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 69,2 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Veitt lán til sjóðfélaga voru 9,4 ma.kr. umfram uppgreiðslur sjóðfélagalána á árinu. Fjárfest var í lánastofnanabréfum fyrir 5,3 ma.kr. og skuldabréfum með ríkisábyrgð fyrir 7,4 ma.kr. ásamt því að keypt voru bréf í flestum öðrum flokkum skuldabréfa. Fjárfestingar umfram sölur á innlendum hlutabréfamarkaði námu 10,5 mö.kr. á árinu. Fjárfestingar í erlendum hlutabréfum umfram sölur námu 23,8 mö.kr. sem voru annars vegar fjárfestingar í hlutabréfasjóðum sem fjárfesta á skráðum hlutabréfamarkaði og hins vegar innkallanir í áskriftarsjóði sem fjárfesta í óskráðum verðbréfum.

Verðbréfaeign A-deildar

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	215.586	19,0%	17%	
Ríkisbréf	183.451	16,1%	14%	10-30%
Sveitarfélagabréf	32.135	2,8%	3%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	161.253	14,2%	13%	
Sjóðfélagalán	102.148	9,0%	8%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	25.968	2,3%	2%	0-10%
Sértryggð bréf	33.137	2,9%	3%	0-10%
Erlend skuldabréf	28.711	2,5%	5%	
Erlend skuldabréf	28.711	2,5%	5%	0-10%
Skuldabréf - önnur	88.743	7,8%	9%	
Fyrirtækjabréf	76.013	6,7%	7%	0-15%
Lánastofnanabréf	11.677	1,0%	1%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.053	0,1%	1%	0-5%
Laust fé	25.496	2,2%	1%	
Innlán	18.034	1,6%	1%	0-10%
Lausafjársgjóðir	7.462	0,7%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	158.858	14,0%	14%	
Innlend hlutabréf	143.697	12,6%	12%	0-30%
Innlendir framtakssjóðir	15.161	1,3%	2%	0-10%
Erlend hlutabréf	458.288	40,3%	41%	
Erlend hlutabréf	353.863	31,1%	32%	10-50%
Erlendir framtakssjóðir	104.425	9,2%	9%	0-15%
Verðbréfaeign alls	1.136.935	100%	100%	

Iðgjöld

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, hlutur sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 11,5%. Iðgjaldagreiðslur til A-deildar vegna ársins 2023 námu 46,2 ma.kr. sem er hækkun um 10,2% á milli ára.

Hækkunina má að hluta rekja til fjölgunar á sjóðfélögum en þeim fjölgaði um 3% á milli ára. Meirihluti greiðandi sjóðfélaga starfar hjá ríkinu en að uppfylltum ákveðnum aðildarskilyrðum geta einstaklingar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum greitt í A-deild.


Réttindaávinnsla hefur verið aldurstengd frá árinu 2017 en meirihluti sjóðfélaga er í jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Þar sem allir nýir sjóðfélagar fara í aldurstengda ávinnslu á meðan engin nýliðun er í jafnri ávinnslu eykst hlutfall sjóðfélaga í aldurstengdri ávinnslu jafnt og þétt með hverju ári. Að meðaltali voru greiðandi sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu 11.928 í hverjum mánuði á árinu 2023 á meðan sjóðfélagar í jafnri ávinnslu voru 18.426 að meðaltali. Eins og sjá má af grafinu hér til hliðar minnkar bilið milli þessara hópa jafnt og þétt með hverju árinu og má búast við að sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu verði komnir í meirihluta innan örfárra ára.

Iðgjöld og fjöldataölur


	2023	2022	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	46.184	41.893	10,2%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	30.277	29.397	3,0%
Fjöldi með réttindi í árslok	80.071	76.949	4,1%

Iðgjöld

(ma.kr.)



Meðalfjöldi sjóðfélaga eftir tegund ávinnslu




Lífeyrir

Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.


Hægt er að hefja töku eftirlauna hvenær sem er frá 60 til 80 ára aldurs og ekki er nauðsynlegt að láta af störfum þegar taka eftirlauna hefst. Sama gildir um töku á hálfum lífeyri. Við útreikning eftirlauna er miðað við 67 ára viðmiðunaraldur og lækka eftirlaun hlutfallslega ef eftirlaunataka hefst fyrir þann aldur, en hækka ef eftirlaunatakan hefst síðar. Í jafnri réttindaávinnslu ávinnur sjóðfélagi sér árlegan eftirlaunarétt sem nemur 1,98% af meðallaunum. Sjóðfélagar í aldurstengdri réttindaávinnslu ávinna sér réttindi út frá réttindatöflum sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur A-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega A-deild



Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 20.887 ma.kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 28,6% milli ára en alls fengu 14.582 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2023. Á liðnu ári hófu 1.653 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.257 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2023 var 69,1 ár og voru 70% af þeim konur en 30% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisbyrði deildarinnar, þ.e. hlutfall lífeyris af lögbundnum iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisbyrði á árinu 2023 var 45,9% en var 39,4% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	16.021	12.069	32,8%
Örorkulífeyrir	4.185	3.598	16,3%
Makalífeyrir	428	350	22,4%
Barnalífeyrir	253	226	11,9%
Samtals	20.887	16.243	28,6%

Fjöldi lífeyrisþega

	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	10.594	9.169	15,5%
Örorkulífeyrir	2.474	2.424	2,1%
Makalífeyrir	602	547	10,1%
Barnalífeyrir	912	877	4,0%
Samtals	14.582	13.017	12,0%

Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	1.512	1.316	14,9%
Örorkulífeyrir	1.691	1.484	13,9%
Makalífeyrir	711	639	11,2%
Barnalífeyrir	277	257	7,6%
Samtals	1.432	1.248	14,8%

Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2023.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í réttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.


Meðalævi Íslendinga hefur lengst jafnt og þétt síðustu áratugi og útlit er fyrir að sú þróun muni halda áfram. Þar með geta yngri kynslóðir búist við að njóta fleiri eftirlaunaára en þær sem á undan komu. Við þessu hafa lífeyrissjóðir þurft að bregðast til að tryggja að þau lífeyrisréttindi sem sjóðfélagar ávinna sér yfir ævina dugi til greiðslu lífeyris allan eftirlaunatímann. Ef ekkert yrði að gert yrðu sjóðirnir reknir með viðvarandi halla sem myndi á endanum koma niður á yngri kynslóðum.

Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í desember 2021. Þær byggðu á nýrri aðferðafræði þar sem spáð er fyrir um hækkandi lífaldur hvernar kynslóðar fram í tímann í stað þess að miða við fortíðargögn. Í kjölfarið voru nýjar forsendur teknar upp hjá A-deild sem juku skuldbindingar sjóðsins mikið og við því þurfti að bregðast

Aðlögun réttinda að lengri lífaldri sjóðfélaga var framkvæmd í tveimur skrefum á árinu 2023 hjá A-deild og miðaði að því að réttindin

Eignir og skuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt

(ma.kr.)



í heildina væru jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Hins vegar leiða réttindabreytingarnar til þess að árleg eftirlaun lækka vegna þess að lífeyrisgreiðslur munu dreifast á fleiri ár en áður var gert ráð fyrir.

Fyrri hluti réttindabreytinganna tók gildi þann 01.01.2023 en þær giltu fyrir framtíðarávinnslu réttinda frá þeim tíma. Tekið var tillit til þessara breytinga við útreikning á skuldbindingum sjóðsins í árslok 2022. Áhrif þeirra voru að skuldbindingar A-deildar lækkuðu um 92.058 m.kr. miðað við árslok 2022. Ef hefði ekki verið gripið til breytinga

á réttindaávinnslu framtíðar hefði staða sjóðsins verið neikvæð um 10,8% í árslok 2022, sem er út fyrir leyfileg mörk sem miðað er við í tryggingafræðilegri úttekt.

Síðari hluti réttindabreytinganna tók gildi 01.07.2023 en með þeim var áunnum réttindum til og með 31.12.2022 breytt í samræmi við væntan lífaldur sjóðfélaga. Við þessar breytingar lækkuðu skuldbindingar A-deildar um 71.472 m.kr. miðað við árslok 2023, sem var 7,4% af áfallinni stöðu sjóðsins og 3,8% af heildarstöðunni.

Framangreindar breytingar náðu yfir bæði jafna og aldurstengda réttindaávinnslu hjá sjóðnum og voru áhrif breytinganna sambærilegar í báðum ávinnslukerfunum. Réttindabreytingar höfðu engin áhrif á réttindi eða greiðslur til sjóðfélaga sem náð höfðu 60 ára aldri þann 01.06.2017 eða voru byrjaðir að fá lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum á þeim tímapunkti.

Tryggingafræðileg staða A-deildar

Skuldbinding A-deildar samanstendur annars vegar af áfallinni skuldbindingu, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér af greiddum iðgjöldum miðað við síðustu áramót, og hins vegar framtíðarskuldbindingu, þ.e. þeim réttindum sem áætlað er að núverandi sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.753,1 ma.kr. í árslok 2023 og hækkaði hún um 119,6 ma.kr. milli ára eða 7,3%.


Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2023 sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 1,5% samanborið við 5,8% neikvæða stöðu í árslok 2022. Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Einnig þarf að gera breytingar ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð.

Áfallin tryggingafræðileg staða sjóðsins, með eignir lífeyrisaukasjóðs í framtíðarstöðu, var neikvæð um 0,7% í lok árs 2023. Áfallin staða sjóðsins er því í nokkuð góðu jafnvægi miðað við það. Vegna breytinga á áunnum réttindum batnar staðan milli ára en miðað við óbreytt réttindi hefði áfallin staða verið neikvæð um 7,2% í árslok 2023.

Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 3,5% frá stofnun deildarinnar fyrir 27 árum. Samkvæmt þessu hafa forsendur um ávöxtun sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu staðist en það vegur hins vegar á móti að lífslíkur hafa aukist og er nú gert ráð fyrir að sjóðfélagar lifi talsvert lengur en gert var ráð fyrir við stofnun A-deildar.

Ef núverandi lífslíkur með spá um lengingu meðalævi eru bornar saman við upphaflegar forsendur um ævilengd sem notaðar voru við stofnun A-deildar sést þessi munur vel. Árið 1997 var reiknað með að meðallífdur sjóðfélaga sem var 45 ára þá, þ.e. fæddur 1952, væri 81,6 ár. Þegar spáð er í dag um meðallífdur 45 ára sjóðfélaga, þ.e. einstaklings sem fæddur er 1979, með núverandi forsendum, er meðallífdurinn 88,6 ár sem er um sjö árum lengri. Gert er ráð fyrir að munurinn muni svo aukast jafnt og þétt á næstu árum.

Eignir umfram skuldbindingar



B-deild



B-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	9,9%
Hrein raunávöxtun	1,5%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,24%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	237.175
Hreinar fjárfestingartekjur	22.855

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	41,4%
Hlutfall verðtryggðra eigna	36,9%

Iðgjöld	1.064
Lífeyrir	71.776

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	843
Meðalfjöldi lífeyrisþega	18.556
Meðalaldur sjóðfélaga	62

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um B-deild


B-deild LSR á rætur að rekja til stofnunar lífeyrissjóðs fyrir embættismenn árið 1919, en árið 1944 var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Sjóðnum var skipt upp í tvær deildir 1997, þegar A-deild sjóðsins var stofnuð fyrir nýtt réttindakerfi, en eldra réttindakerfi fékk nafnið B-deild. Um leið var B-deildinni lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Við lokun B-deildar voru greiðandi sjóðfélagar rúmlega 19 þúsund, en þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Á árinu 2023 greiddu einungis 843 sjóðfélagar iðgjöld til B-deildar að meðaltali, sem er fækkun um 192 frá árinu áður. Í árslok áttu 34.728 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum, en meðalfjöldi þeirra sem fengu greiddan lífeyri úr deildinni var 18.556.

Hrein eign B-deildar var 237,2 ma.kr. í árslok 2023 og lækkaði um 3,7% á milli ára. Þrátt fyrir að B-deild hafi verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum síðan 1997 hefur hrein eign hennar aukist um 20,2 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á sama tíma hafa fjárfestingartekjur numið 203 mö.kr. og hefur útfærði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði því verið mikið.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2023 nam verðbréfaeign B-deildar 239,2 mö.kr. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2024. Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og hins vegar af því að eignir deildarinnar fara minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærrí en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Á árinu seldi B-deild verðbréf umfram fjárfestingar fyrir 18,3 ma.kr. Sala umfram fjárfestingar í skuldabréfum nam 608 m. kr. og þar af voru uppgreiðslur sjóðfélagalána 466 m.kr. umfram útlán. Sala deildarinnar umfram fjárfestingar á innlendum hlutabréfum nam 3,5 mö.kr. og sölur og endurgreiðslur í erlendum hlutabréfum og framtakssjóðum umfram fjárfestingar námu 14,3 mö.kr.

Verðbréfaeign B-deildar

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	54.808	22,9%	25%	
Ríkisbréf	49.839	20,8%	20%	10-30%
Sveitarfélagabréf	4.969	2,1%	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	26.172	10,9%	13%	
Sjóðfélagalán	20.633	8,6%	8%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	1.623	0,7%	1%	0-5%
Sértryggð bréf	3.916	1,6%	4%	0-10%
Erlend skuldabréf	1.648	0,7%	2%	
Erlend skuldabréf	1.648	0,7%	2%	0-10%
Skuldabréf - önnur	12.710	5,3%	10%	
Fyrirtækjabréf	11.147	4,7%	5%	0-10%
Lánastofnanabréf	1.534	0,6%	2%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	29	0,0%	3%	0-5%
Laust fé	15.418	6,4%	5%	
Innlán	15.418	6,4%	5%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	33.658	14,1%	12%	
Innlend hlutabréf	32.582	13,6%	12%	0-25%
Innlendir framtakssjóðir	1.075	0,4%	0%	0-5%
Erlend hlutabréf	94.762	39,6%	33%	
Erlend hlutabréf	93.271	39,0%	33%	10-50%
Erlendir framtakssjóðir	1.491	0,6%	0%	0-5%
Verðbréfaeign alls	239.176	100%	100%	

Iðgjöld

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, persónuuppbót, orlofsuppbót og vaktaálagi vegna reglubundinna vakta. Hluti sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 8%. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.


Iðgjaldagreiðslur til B-deildar vegna ársins 2023 námu 1.064 m.kr. sem er lækkun um 13,7% á milli ára. Þessa lækkun má rekja til þess að sjóðfélögum sem greiddu iðgjöld fækkaði um 18,6% frá árinu 2022. Vegna lokunar B-deildar árið 1996 fer greiðandi sjóðfélögum deildarinnar jafnt og þétt fækkandi með hverju ári.

Iðgjöld og fjöldataölur


	2023	2022	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.064	1.233	-13,7%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	843	1.035	-18,6%
Fjöldi með réttindi í árslok	34.728	35.352	-1,8%

Iðgjöld

(m.kr.)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Lífeyrir


Sjóðfélagar í B-deild ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna auk þess að njóta réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 10% eða meira. Þá á maki rétt á ævilöngum makalífeyri við fráfall sjóðfélaga en makalífeyrir ávinnst á hjúskapartíma og helst sú réttindaávinnsla þrátt fyrir hjúskaparslit. Börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.

Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður lífaldur og greiðslutími til sjóðsins er 95 ár eða meira (95 ára reglan) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.


Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna 10 ára starfsaldurs í hærra launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast svo í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annað hvort hjá eftirmanni í starfi eða samkvæmt vísitölu sem Hagstofa Íslands gefur út mánaðarlega og mælir breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á árinu 2023 hækkaði vísitalan um 9,8% en hækkunin árið á undan var 7,3%.

Lífeyrisgreiðslur B-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega B-deild



Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 71,8 ma.kr. á árinu 2023 og jukust um 8,2% á milli ára. Alls fengu 21.181 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2023 en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 18.556 á árinu. Á liðnu ári hófu 1.193 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.025 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2023 var 75,4 ár og voru 66% af þeim konur en 34% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur

(m.kr.)

	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	61.566	56.760	8,5%
Örorkulífeyrir	1.128	1.132	-0,3%
Makalífeyrir	9.077	8.426	7,7%
Barnalífeyrir	4	6	-33,1%
Samtals	71.776	66.324	8,2%

Fjöldi lífeyrisþega

	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	16.925	16.439	3,0%
Örorkulífeyrir	1.153	1.234	-6,6%
Makalífeyrir	3.033	2.987	1,5%
Barnalífeyrir	70	73	-4,1%
Samtals	21.181	20.733	2,2%

Meðalfjárhæð lífeyris

(þús.kr.)


	2023	2022	Breyting
Eftirlaun	3.638	3.453	5,4%
Örorkulífeyrir	979	917	6,7%
Makalífeyrir	2.993	2.821	6,1%
Barnalífeyrir	60	86	-30,2%
Samtals	3.389	3.199	5,9%

Af þeim 71,8 ma.kr. sem greiddir voru í lífeyri úr B-deild á síðasta ári voru 30,8 ma.kr. fjármagnaðir með greiðslum frá launagreiðendum til sjóðsins. Samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR er launagreiðendum í B-deild skylt að standa straum af þeim hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna, svokallaðar lífeyrishækkanir. LSR stendur skil á öllum áunnum réttindum til lífeyrisþega en sjóðurinn eignast kröfu á launagreiðendur sem nemur lífeyrishækkuninni. Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 42,6% á árinu 2023 en var 41,5% árið áður. Slík hækkun á milli ára er eðlileg í ljósi þess að hlutur launagreiðanda í lífeyrisgreiðslu lífeyrisþegans fer hækkandi því lengur sem lífeyrisþeginn er á lífeyri þar sem allar hækkanir eftir lífeyristöku eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari því áfram vaxandi í framtíðinni og verði að meðaltali 55,8% frá ársbyrjun 2024 þar til síðasta greiðsla úr sjóðnum er innt af hendi.

Lífeyrishækkanir B-deild

(ma.kr.)




Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar í árslok 2023. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð miðað við spá um hækkandi lífaldur í framtíðinni. Spáin er reiknuð út frá sértækum líkum fyrir sjóðfélaga A- og B-deildar LSR sem byggðar eru á reynslu árána 2018 til 2022.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni.

B-deild á eignir til að mæta 20,3% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar á skuldbindingum. Að teknu tilliti til þessara krafna eru eignir og skuldbindingar B-deildar í jafnvægi. Vegna aukins útlæðis hefur gengið hratt á eignir deildarinnar en fyrir tíu árum síðan numu þær 36,2% af skuldbindingum.

Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 1,2% af heildarskuldbindingu B-deildar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram sem áfallin skuldbinding.

Áfallin skuldbinding B-deildar var 1.166 ma.kr. í árslok 2023 og hækkaði um 54,5 ma.kr. á milli ára eða 6,6%. Áfallin staða B-deildar var -79,5% í árslok 2023 en var -77,9% árið áður. Hlutfallsleg staða sjóðsins versnar á milli ára og skýrist það af nokkrum þáttum. Sú vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 9,8% á árinu 2023 en hækkun dagvinnulauna hefur bein áhrif á skuldbindingar sjóðsins. Á sama tíma var nettó útlæði úr sjóðnum 31,9 ma.kr. á árinu 2023 sem kemur til lækkunar á eignum. Þrátt fyrir að nafnávöxtun B-deildar hafi verið 9,9% á árinu 2023 leiddu miklar launahækkanir engu að síður til þess aðávöxtunin var undir því viðmiði sem gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegri úttekt. Þessir þættir gerðu það að verkum að skuldbindingar B-deildar hækkuðu meira en eignir sjóðsins á síðasta ári.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

Fjármögnun áfallinnar skuldbindingar í árslok

	Í m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	237.175	20,3%	20,3%
Endurmat á verðbréfaeign	2.199	0,2%	20,5%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	647.342	55,5%	76,0%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	279.759	24,0%	100%
Áfallin skuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt	1.166.475	100%	

Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs

Samkvæmt lögum um LSR á B-deild kröfu á hendur launagreiðendum vegna lífeyrishækkana, sem er sá hluti lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.


Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir í formi lífeyrishækkana er metinn 647,3 ma. kr. í árslok 2023 eða um 55,5% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er tilgreind sem eign utan efnahags í ársreikningi og hún sett fram sem skýring við efnahagsreikning.

Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana jókst um 41,3 ma.kr. milli ára eða 6,8%. Hækkun á hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum er m.a. afleiðing af launahækkunum. Þá hefur það einnig áhrif á hlutdeild launagreiðanda hversu langt er síðan taka lífeyris hófst þar sem launagreiðandi greiðir allar hækkanir sem verða umfram fyrstu greiðslu lífeyris til sinna fyrrverandi starfsmanna. Hlutfall launagreiðanda í lífeyrisgreiðslum fer því hækkandi eftir því sem tíminn líður frá upphafsdegi lífeyristöku.

Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymis-kerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi.

Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð

(ma.kr.)




Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins liggur fyrir að eignir munu klárast áður en skuldbindingar verða greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærrí en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir lokun sjóðsins verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörð á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð sjóðsins.

Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2023 metin 279,8 ma.kr. eða 24,0% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarnin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar hækkaði um 7,4% á árinu 2023. Hækkun á bakábyrgðarkröfu skýrist m.a. af því að lífeyrisgreiðslur eru talsvert umfram innflæði í sjóðinn og gengur því hratt á eignir sjóðsins. Þá hækkaði sú vísitala sem lífeyrisgreiðslur og skuldbinding þróast eftir um 9,8% á árinu 2023. Hvoru tveggja kemur til hækkunar á bakábyrgð ríkissjóðs.


Bakábyrgð ríkissjóðs

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar


Þegar B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum. Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakábyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum árið 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin sjö ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 67 ma.kr. en þar af voru 8 ma.kr. greiddir á árinu 2023. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 516,9 ma.kr. í árslok 2023.

Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar en þau námu 462 m.kr. á árinu 2023. Alls greiddi ríkissjóður því 8,5 ma.kr. aukalega til sjóðsins á árinu 2023.

Við útgreiðslu lífeyris hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppnar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrisþega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa 255,4 ma.kr. af aukagreiðslum ríkissjóðs til B-deildar ásamt ávöxtun verið nýttir til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Innborganir ríkisins inn á skuldbindingar

(ma.kr.)




Framtíðarsjóðstreymi

Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild lífeyrishækkunar frá launagreiðendum. Þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur ná hámarki á þessu ári. Greiðslur launagreiðenda vegna lífeyrishækkana verða hins vegar í hámarki árin 2029 og 2030 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar. Hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum hefur farið vaxandi undanfarin ár en hún var 42,6% á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að hlutur launagreiðanda haldi áfram að hækka til framtíðar og hlutfallið verði að meðaltali 55,8% út líftíma sjóðsins.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega og án þeirra hefði sjóðurinn klárað sínar eignir á árinu 2015. Uppsafnaðar aukagreiðslur ásamt ávöxtun þeirra út árið 2023 hafa hins vegar náð að lengja líftíma sjóðsins fram á árið 2030. Þetta þýðir að án frekari aukagreiðslna úr ríkissjóði eftir árslok 2023 þarf ríkissjóður frá og með árinu 2030 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 27,1 ma.kr. á ári frá árinu 2030 og næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2023, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 33,8 mö.kr. á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði.

Greiðslur til B-deildar árin 2024-2060 á verðlagi ársloka 2023

(ma.kr.)



Á sviðsmynd hér fyrir ofan er framtíðargreiðsluflæði B-deildar sýnt án frekari aukaframlaga frá ríkissjóði.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera að meðaltali 15,9 ma.kr. á ári næstu 20 árin miðað við verðlag í árslok 2023. Samkvæmt fjárlögum er áformað að greiða 8 ma.kr. til B-deildar á árinu 2024. Samkvæmt fjármálaáætlun ríkissjóðs til næstu 5 ára er gert ráð fyrir að 8 ma.kr. aukagreiðslum til sjóðsins verði haldið áfram. Áframhaldandi aukagreiðslur bæta stöðu B-deildar og fresta þeim tímamarki að sjóðurinn tæmist.

Séreign



Séreign - Lykilstærðir

	Leið I	Leið II	Leið III	Tilgreind séreign
Nafnávöxtun	11,0%	8,2%	8,8%	8,2%*
Hrein raunávöxtun	2,7%	0,1%	0,7%	3,9%*
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,09%	0,09%	0,06%	0,09%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	10.772	3.481	13.604	49
Hreinar fjárfestingartekjur	1.076	260	1.067	1
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	54,3%	28,1%	0,0%	33,3%
Hlutfall verðtryggðra eigna	21,9%	42,7%	92,6%	15,6%
Iðgjöld	21	163	1.209	48
Lífeyrir	312	60	552	
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	939	699	1.268	280
Meðalfjöldi lífeyrisþega	82	27	194	
Meðalaldur sjóðfélaga	50	48	60	44

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.

*Reiknað á ársgrundvelli



Um Séreign og Tilgreinda séreign

Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða þjónustu við sjóðfélaga, góða ávöxtun og lágan rekstrarkostnað.

Tilgreind séreign hjá LSR var stofnuð 1. júlí 2023 en með henni gefst sjóðfélögum í A-deild kostur á að greiða hluta af skylduiðgjaldi, allt að 3,5%, í tilgreinda séreign. Iðgjaldið til A-deildar lækkar þá á móti.

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu. Í Tilgreindri séreign er ein fjárfestingarleið í boði.


Hrein eign Séreignar í árslok 2023 var 27.907 m.kr. og hefur hún vaxið um 16.721 m.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 12.002 m.kr. og er 72% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar. Á árinu 2023 greiddu að meðaltali 2.887 sjóðfélagar iðgjöld til Séreignar LSR í hverjum mánuði. Hrein eign Tilgreindar séreignar í árslok 2023 var 49 m.kr. og voru sjóðfélagar 280.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Fjárfestingarleiðir	2023	2022
Leið I	10.772	10.039
Leið II	3.481	3.121
Leið III	13.604	11.888
Tilgreind séreign	49	0
Samtals	27.907	25.048


Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Nánar um Tilgreinda séreign

Þann 1. júlí 2023 hóf LSR að bjóða sjóðfélögum að verja allt að 3,5% af 15,5% skylduðgjaldi sínu í tilgreinda séreign. Þannig fá sjóðfélagar aukið val um þau réttindi sem lífeyrisiðgjaldið veitir og möguleika á meiri sveigjanleika á lífeyrisgreiðslum þegar kemur að síðustu árum starfsævinnar eða fyrstu árunum eftir að störfum lýkur.

Tilgreind séreign hefur mörg helstu einkenni hefðbundins séreignarsparnaðar sem hefur verið í boði síðan 1999. Þannig verður tilgreind séreign eign sjóðfélagans og erfanleg samkvæmt erfðalögum. Þá er jafnframt hægt að nýta tilgreinda séreign til að greiða skattfrjálst inn á fasteignalán vegna kaupa á fyrstu fasteign að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. En á meðan iðgjöld greidd í hefðbundna séreign eru valfrjáls viðbót við skyldubundin lífeyrisiðgjöld nýtir tilgreind séreign hluta af skyldubundna lífeyrisiðgjaldinu til að safna í séreignarsjóð. Um leið lækkar iðgjald sjóðfélagans í samtryggingarsjóð sem því nemur. Þannig fá sjóðfélagar sem safna í tilgreinda séreign lægri réttindi til ævilangra eftirlauna og örorkulífeyris auk maka- og barnalífeyrisréttinda. Sjóðfélagar þurfa því ávallt að meta hvort sveigjanleikinn sem fæst með tilgreindri séreign sé þeim mikilvægari en þau auknu réttindi sem fást með hærri greiðslum í samtryggingu.

Hægt er að hefja útgreiðslu úr tilgreindri séreign frá 62 ára aldri og er hún óháð því hvenær taka hefðbundinna eftirlauna hefst. Þannig geta sjóðfélagar til dæmis lækkað starfshlutfall sitt á síðustu árum starfsævinnar en nýtt tilgreinda séreign til að halda svipuðum tekjum. Eins er hægt að taka tilgreindu séreignina út á fyrstu eftirlaunaárunum og hafa þannig meira milli handanna þegar heilsa og þróttur eru hvað mest til að njóta lífsins eftir starfslok. Ef einnig hefur verið safnað í hefðbundna séreign fæst svo enn meiri sveigjanleiki til að haga tekjum eftir eigin höfði.

Sjóðfélagar hafa val um að safna tilgreindri séreign hjá LSR eða hjá öðrum vörsluaðilum. Mikilvægt er að vanda vel valið á vörsluaðila og kynna sér gjöld, kostnað og takmarkanir sem gilda áður en tekin er ákvörðun. Hjá LSR eru ekki lögð nein gjöld eða aukakostnaður á söfnun tilgreindrar séreignar og engar takmarkanir eru t.a.m. á flutningi tilgreindrar séreignar.

Verðbréf og ávöxtun

Fjárfestingarleiðir


Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sérleiðar. Leið I er hlutabréfaleið og sveiflur í ávöxtun geta verið nokkrar. Leið II leggur áherslu á skuldabréf og eru sveiflur í ávöxtun því jafnan minni. Leið III er innlánsleið þar sem eignir eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum, sem þýðir að sveiflur í ávöxtun eru í lágmarki.

Markmiðið með að bjóða upp á mismunandi ávöxtunarleiðir er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga. Því lengri sem ávöxtunartíminn er, því meira er jafnan áhættuþol sjóðfélaga til að standa af sér tímabundnar lækkanir í von um hærra ávöxtun til lengri tíma litið. En þegar stýttist í að útgreiðslur hefjist eru sjóðfélagar líklegri til að vilja minnka áhættu. Sjóðfélögum býðst að skrá sig í svokallaða Sérleið, þar sem inneign sjóðfélaga færir sjálfkrafa úr verðbréfaleiðunum Leið I eða Leið II yfir í innlánsleiðina Leið III við 55 ára aldur.

Í Tilgreindri séreign er stefnt á að hlutfall hlutabréfa og skuldabréfa verði nokkuð jafnt. Þar sem árið 2023 var fyrsta starfsár Tilgreindar séreignar má áætla að fjárfestingarstefna leiðarinnar geti breyst, en mikil óvissa ríkir enn um mánaðarlegt greiðsluflæði.

Í árslok 2023 nam verðbréfaeign Séreignar og Tilgreindar séreignar 27,9 mö.kr. Miklar sveiflur voru á innlendum og erlendum verðbréfa-mörkuðum á árinu en allar fjárfestingarleiðir skiluðu jákvæðri raun-ávöxtun þrátt fyrir að verðbólga hafi verið 8%.

Fjárfestingarleiðir



Ávöxtun ársins

Fjárfestingarleiðir	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	11,0%	2,7%
Leið II	8,2%	0,1%
Leið III	8,8%	0,7%
Tilgreind séreign	8,2%*	3,9%*


*Reiknað á ársgrundvelli

Leið I

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2023 var 11,0% sem samsvarar 2,7% hreinni raunávöxtun. Síðustu fimm árin er meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, 4,4% og 10 ára meðaltalið er 4,1%.

Leið I fjárfestir að stærstum hluta í hlutabréfum og áttu erlend hlutabréf mestan þátt í ávöxtun leiðarinnar á síðasta ári. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa, MSCI, hækkaði um 23,8% í USD en þar sem krónan styrktist á árinu varð ávöxtunin 18,7% í krónum talið. Á móti átti innlendar hlutabréfamarkaður undir högg að sækja sem dró úr ávöxtuninni.

Hrein raunávöxtun Leiðar I



Verðbréfaeign Leiðar I

(m.kr.)


Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	533	4,9%	4%	
Ríkisbréf	432	4,0%	3%	0-15%
Sveitarfélagabréf	101	0,9%	1%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	112	1,0%	1%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Sértryggð bréf	112	1,0%	1%	0-5%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-0%
Skuldabréf - önnur	3.077	28,6%	28%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	3.077	28,6%	28%	0-50%
Laust fé	240	2,2%	2%	
Innlán	240	2,2%	2%	0-10%
Lausafjár sjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	969	9,0%	15%	
Innlend hlutabréf	969	9,0%	15%	0-30%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	5.843	54,2%	50%	
Erlend hlutabréf	5.843	54,2%	50%	0-65%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	10.775	100%	100%	

Leið II

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2023 var 8,2% sem samsvarar 0,1% hreinni raunávöxtun. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, er 1,7% og 10 ára meðaltal 2,7%.

Leið II fjárfestir að töluverðum hluta í innlendum skuldabréfum. Hækkandi vextir og há verðbólga höfðu áhrif á innlendan skuldabréfamarkað þar sem ávöxtunarkrafa bæði óverðtryggðra og verðtryggðra skuldabréfa hækkaði, sem leiðir af sér gengistap. Á móti leiddi há verðbólga til hækkunar á verði verðtryggðra skuldabréfa. Leið II fjárfestir einnig að hluta erlendis og höfðu hækkanir á erlendum mörkuðum jákvæð áhrif á ávöxtun leiðarinnar.

Hrein raunávöxtun Leiðar II



Verðbréfaeign Leiðar II


(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	341	9,8%	11%	
Ríkisbréf	215	6,2%	7%	0-15%
Sveitarfélagabréf	125	3,6%	4%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	207	5,9%	5%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Sértryggð bréf	207	5,9%	5%	0-10%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréf - önnur	1.588	45,7%	47%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.588	45,7%	47%	0-70%
Laust fé	98	2,8%	2%	
Innlán	98	2,8%	2%	0-10%
Lausafjár sjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	267	7,7%	8%	
Innlend hlutabréf	267	7,7%	8%	0-20%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	977	28,1%	27%	
Erlend hlutabréf	977	28,1%	27%	0-45%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	3.478	100%	100%	

Leið III

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2023 var 8,8% sem samsvarar 0,7% raunávöxtun. Síðustu fimm árin er meðaltal hreinnar raunávöxtunar, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, 0,6% og 10 ára meðaltal 1,3%.

Hrein raunávöxtun Leiðar III



Verðbréfaeign Leiðar III

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	0			
Ríkisbréf	0			
Sveitarfélagabréf	0			
Fasteignaveðtryggð verðbréf	0			
Sjóðfélagalán	0			
Veðskuldabréf og -sjóðir	0			
Sértryggð bréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Skuldabréf - önnur	0			
Fyrirtækjabréf	0			
Lánastofnanabréf	0			
Skuldabréfasjóðir	0			
Laust fé	13.625	100%	100%	0-100%
Innlán	13.625	100%	100%	0-100%
Lausafjár sjóðir	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlendir framtakssjóðir	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlendir framtakssjóðir	0			
Verðbréfaeign alls	13.625	100%	100%	

Tilgreind séreign

Nafnávöxtun Tilgreindar séreignar frá 1. júlí 2023 var 3,3% sem samsvavar 0,8% raunávöxtun. Reiknað á ársgrundvelli var nafnávöxtun deildarinnar 8,2% og raunávöxtunin 3,9%. Þar sem árið 2023 er fyrsta starfsár leiðarinnar eru hvorki til 5 né 10 ára meðaltöl fyrir leiðina.


Iðgjöld og lífeyrir

Hefðbundinn séreignarsparnaður býðst til viðbótar við lögbundinn lífeyrissparnað og er sparnaðurinn persónuleg eign hvers og eins. Launþegar geta greitt á bilinu 2-4% af heildarlaunum sínum í séreignarsparnað og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda og er því um beina launahækkun að ræða. Séreign LSR er með rýmri aðildarreglur en aðrar deildir sjóðsins og er í flestum tilvikum nóg að hafa einhverja tengingu við LSR eða þau aðildarfélag sem greiða til sjóðsins til að geta safnað í Séreign LSR.


Iðgjöld og fjöldataölur

	2023	2022	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.399	1.305	7,2%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.887	2.994	-3,6%
Fjöldi með réttindi í árslok	8.094	7.643	5,9%

Iðgjöld (m.kr.)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




Tilgreind séreign er um margt svipuð hefðbundinni séreign, nema að því leyti að iðgjaldagreiðslur eru hluti af 15,5% skylduiðgjaldi sjóðfélaga og lækkar þá framlag í samtryggingarsjóð sem því nemur. Hægt er að verja allt að 3,5% af launum í tilgreinda séreign.


Hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán sem og til kaupa á fyrstu fasteign eða til að auka við ráðstöfunartekjur eftir 60 ára aldur. Frá 60 ára aldri getur sjóðfélagi fengið séreignarlífeyri greiddan í einu lagi eða dreift greiðslum yfir lengri tíma. Útgreiðslur úr tilgreindri séreign geta hafist frá 62 ára aldri. Við fráfall sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu samkvæmt reglum erfðalaga.

Lífeyrisgreiðslur Séreign

(m.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega Séreign



Meðalaldur virkra sjóðfélaga í Séreign LSR var 53,8 ár í árslok 2023 og var 66% af þeim konur og 34% karlar. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar vegna ársins 2023 námu 1.909 m.kr., sem er hækkun um 8% á milli ára, en 510 m.kr. af greiðslunum var ráðstafað sem greiðslu inn á úrræði vegna fasteignakaupa. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.887 á árinu.

Útborgun séreignarlífeyris nam 923,7 m.kr. á árinu 2023 og hækkaði um 25,5% á milli ára. Alls fengu 591 sjóðfélagar greiðslur úr séreignarsjóði LSR á árinu 2023.

Lífeyrisgreiðslur

(m.kr.)

	2023	2022	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	865	680	27,3%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	0	24	—
Aðrar útgreiðslur	58	33	77,9%
Samtals	924	736	25,5%

Fjöldi lífeyrisþega

	2023	2022	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	525	452	16,2%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	21	41	-48,8%
Aðrar útgreiðslur	45	38	18,4%
Samtals	591	531	11,3%

Meðalfjárhæð lífeyris

(þús.kr.)

	2023	2022	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.648	1.504	9,6%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	0	575	—
Aðrar útgreiðslur	1.299	864	50,2%
Samtals	1.563	1.386	12,7%

Starfsemi



Starfsfólk


Í lok árs 2023 störfuðu 59 hjá LSR í 57 stöðugildum. Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur fólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil þekking og starfsreynsla er á meðal starfsfólks en meðalaldur þess er um 45 ár og meðalstarfsaldur 7 ár.

Sjóðurinn hefur sett sér mannauðsstefnu. Markmið hennar er m.a. að styrkja mannauð sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsfólk og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.


Stuðlað er að heilsuvernd starfsfólks með skipulegum hætti, m.a. með þátttöku sjóðsins í íþróttaiðkun starfsmanna og reglulegri heilsufarsmælingu ásamt yfirferð á vinnuaðstöðu. Á árinu 2023 setti LSR sér samgöngustefnu þar sem starfsfólk er hvatt til að nýta vistvæna samgöngumáta. Starfsfólki sem notar að jafnaði vistvæna samgöngumáta var í kjölfarið boðið að gera samgöngusamning við sjóðinn og fá samgöngustyrk sem nemur skattfrælsismarki slíkra styrkja.

Á árinu var starfsfólki jafnframt í fyrsta sinn boðið formlega upp á að vinna hluta vinnutíma sinn í fjarvinnu, sem eykur sveigjanleika starfsfólks og dregur úr vistspori sjóðsins með færri ferðum til og frá vinnu.

Aldur starfsfólks




Starfsaldur



Skipurit LSR

Starfsemi LSR fer fram á þremur sviðum: eignastýringu, lífeyris- og lánasviði. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og stafræn þróun og rekstur. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.



Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir

Sviðsstjórar LSR

Anna Björk Sigurðardóttir

Lífeyrisvið

Elísabet Þórey Þórisdóttir

Lánavið

Halla Kristjánsdóttir

Eignastýring

Þorkell Sigurgeirsson

Fjármálasvið

Einar Birkir Einarsson

Stafræn þróun og rekstur

Sveinn Gunnlaugsson

Áhættustýring og innra eftirlit

Lög, samþykktir, stefnur og reglur

LSR starfar eftir lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ásamt almennu lífeyrissjóðalögnum nr. 129/1997. Sjóðurinn starfar jafnframt eftir Samþykktum fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en nýjasta útgáfa þeirra er frá 1. mars 2023.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sett sér stefnur og reglur sem segja til um ýmsa helstu þætti starfseminnar. Samþykktir sjóðsins, stefnur og reglur eru allar aðgengilegar á vef LSR á slóðinni www.lsr.is/um-lsr/log-og-samthykktir/

Helstu stefnur sem sjóðurinn starfar eftir eru:

Áhættustefna

Stefna stjórnar um þá áhættu sem stjórnin er reiðubúin til að taka í rekstrinum í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Fjárfestingarstefnur

Hver deild LSR hefur sína fjárfestingarstefnu þar sem tilgreindar eru þær megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum deildarinnar.

Eigendastefna

Leggur línurnar um aðkomu LSR að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í, svo sem val á stjórnarmönnum, mat á stjórnarháttum, ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum og fleira.

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun

LSR skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og segir jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun til um hvernig það skuli tryggt.

Sjálfbærnistefna

Lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni. Stefnan tekur bæði til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum.

Starfskjarastefna

Segir til um þau viðmið sem sjóðurinn skal starfa eftir hvað varðar starfskjar starfsfólks.

Upplýsingaöryggisstefna

Lýsir áherslum sjóðsins þegar kemur að vernd upplýsingaeigna sjóðsins og hlítu við fyrirmæli stjórnvalda auk þess að segja til um verklag og ábyrgð.

Útvistunarstefna

Fjallar um verklag við útvistun verkefna og þjónustu hjá sjóðnum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Segir til um þá stjórnarhætti sem LSR starfar eftir og veitir yfirsýn yfir helstu reglur og stefnur.

Ársreikningar

[↗ A-deild](#)

[↗ B-deild](#)

[↗ Séreign](#)

Annual Report


[↗](#) The Annual Report



Overview

Role of the fund

The principal role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives contributions and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.



Assets

(m.ISK)

	Total
Government and municipal bonds	271,283
Government bonds	233,953
Municipal bonds	37,331
Mortgage bonds	187,744
Member loans	122,781
Mortgage bonds and funds	27,591
Covered bonds	37,372
Foreign fixed income	30,359
Foreign fixed income funds	30,359
Other fixed income	106,125
Corporate bonds	87,160
Financial Institution bonds	13,211
Domestic fixed income funds	5,754
Cash and deposits	54,857
Deposits	47,395
Liquidity funds	7,462
Domestic equities	193,756
Domestic listed equities	177,520
Domestic alternative investments	16,236
Foreign equities	559,886
Foreign listed equities	453,970
Foreign alternative investments	105,916
Total	1,404,011

In 2023, LSR had a total of 31,388 active members and 24,632 members received pensions and other benefits. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other.

Return

	2023	2022
Nominal return	9,2%	-4,6%
Net real return	1,0%	-12,9%
Average five year net real return	4,0%	4,3%
Average ten year net real return	4,4%	4,9%

Net investments (m.ISK)

	Total
Government and municipal bonds	10,874
Government bonds	6,853
Municipal bonds	4,022
Mortgage bonds	13,093
Member loans	8,945
Mortgage bonds and funds	851
Covered bonds	3,297
Foreign fixed income	696
Foreign fixed income funds	696
Other fixed income	8,822
Corporate bonds	3,821
Financial Institution bonds	5,802
Domestic fixed income funds	(800)
Cash and deposits	667
Deposits	(165)
Liquidity funds	831
Domestic equities	7,133
Domestic listed equities	4,353
Domestic alternative investments	2,780
Foreign equities	9,350
Foreign listed equities	(1,727)
Foreign alternative investments	11,077
Total	50,635

